UMFÍ




# ÁRSSKÝRSLA 2022

44. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ | ÁRSREIKNINGUR 2021




HSK







# ÁVARP FORMANNS

Það er ánægjulegt að sjá að allt starfið er komið í gang að nýju. Segja má að þetta ár marki nýtt upphaf, nýja byrjun. Þetta er árið þegar okkur varð loksins kleift að halda viðburði okkar á ný.

Við héldum Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og nýjungarnar í Íþróttaveislu UMFÍ og UMSK; Hundahlaup, Drulluhlaup Krónunnar og Forsetahlaup. Það var eftirtektarvert hvað allir þátttakendur og aðstandendur viðburðanna ljómuðu af gleði. Það átti sérstaklega við um þá sem komu á nýju viðburðina okkar sem haldnir voru á sambandssvæði UMSK. Þeir viðburðir eru merki um það að UMFÍ er framsækið, við þorum að horfa til framtíðar, prófa og setja ný viðmið.

En það voru ekki bara nýir viðburðir sem UMFÍ ýtti úr vör. Við stigum líka ný spor þegar við tókum við starfsemi Skólabúðanna á Reykjum nú í haust. Skrifað var undir samninga í lok sumars og allt sett á fullt til að gera klárt fyrir veturinn. Það tókst og hafa nemendur í 7. bekk grunnskóla af öllu landinu streymt í Skólabúðirnar. Allir sem koma eru í skýjunum, bæði nemendur og kennarar.

Við verðum að halda áfram á þessum nótum. Leiða lestina, marka spor og þora að taka af skarið – allt fyrir betri framtíð.

Þótt faraldurinn hafi raskað lífi okkar allra var hann líka dýrmætur því við lærðum mjög margt. Faraldurinn leiddi til þess að við Íslendingar snerum bökum saman, við sýndum fádæma þrautseigju, við unnum sem eitt, sýndum stuðning í verki og hjálpuðumst að.

En við erum ekki ein um það að lok faraldursins eru eins og nýtt upphaf, tíminn þegar við þurfum að setja allt í gang á ný, kynna viðburði og dusta rykið af gömlum verkefnum. Á síðastliðnum mánuðum hefur í raun allt verið að komast í gang á ný. Við höfum átt þess kost að hitta félaga okkar og samstarfsaðila á meginlandi Evrópu og fara yfir lærdóm síðustu tveggja ára. Þar standa margir frammi fyrir því að sjálfboðaliðum hefur fækkað verulega því margir hafa þurft að ráðstafa öllum tíma sínum í að tryggja nauðþurftir til að standa undir grunnþörfum. Þá hefur þátttaka í viðburðum breyst á sömu forsendum, þar sem mun færri sækja þá en áður.

Á sama tíma og dregið hefur úr þátttöku almennings sýna rannsóknir að lýðheilsu fólks hefur hrakað. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) greindi frá því í skýrslu sinni í vor að 60% Evrópubúa glímdu við eða væru á mörkum þess að glíma við offitu. Þriðjungur barna í álfunni stendur í sömu sporum og fjölgar þeim hratt. Óheilbrigður lífsstíll setur nú þegar þrýsting á heilbrigðiskerfi Vesturlanda. Við hópumst í meiri mæli en nokkru sinni á heilbrigðisstofnanir með lífsstílstengda sjúkdóma. Kostnaður aðildarríkja Evrópusambandsins í glímunni við hjarta- og æðasjúkdóma nemur nú þegar um 210 milljörðum evra á ári. Upphæðin jafnast á við margfalda landsframleiðslu á Íslandi og er hægt að lækka hana til muna með heilbrigðari lífsstíl.







Því er almenna viðkvæðið hjá öllum þeim sem við höfum hitt hér á landi og erlendis að við verðum að ræsa vélina á ný. Fólk þarf að bæta lífsstílinn og komast á hreyfingu, hvort sem það er á eigin forsendum eða fyrir tilstuðlan stjórnvalda, félagasamtaka, íþróttafélaga eða annarra. Þarna þurfum við öll að leggjast á eitt, hreyfa okkur sjálf og hvetja aðra til hreyfingar með okkur.

Við í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni höfum áður verið á þessum stað. Við höfum þekkinguna og sýnina og verkefnið er að koma á framfæri nýrri hugsun með áherslu á heilbrigðan lífsstíl. Nýtum vitneskjuna og höldum áfram að finna nýjar leiðir til að vekja athygli á fjölbreyttu starfi ungmennafélaganna þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Gleymum ekki að hafa gleðina að leiðarljósi þegar við tökumst á við verkefnin. Það er ungmennafélagsandinn í verki.

Með ungmennafélagskveðju
og þökkum fyrir samstarfið,



Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ.

Með stuðningi UMFÍ er starf sambandsaðila
og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra,
með áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu.

# UPPBYGGING ÁRSSKÝRSLU

Ársskýrsla UMFÍ 2022 er byggð upp á nýrri stefnu sem kom út árið 2021 og ber yfirskriftina Horft til framtíðar. Skýrslan sem þú ert nú með í höndunum fylgir uppbyggingu stefnunnar. Skýrslan og stefna UMFÍ skiptast upp í fimm stefnuþætti. Undir hverjum stefnuþætti eru markmið sem verkefni UMFÍ kallast á við.

Fyrsti stefnuþátturinn er **starfsemi**, sem lýsir hlutverki og tilgangi UMFÍ.

- UMFÍ eflir starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra.
- UMFÍ hvetur og styður við eflingu lýðheilsu.

Næsti stefnuþáttur lýsir **leiðunum** og því hvernig UMFÍ ætlar að ná markmiðum sínum.

- UMFÍ er öflugur þjónustuaðili.
- UMFÍ er leiðandi í fræðslu og forvörnum.
- UMFÍ stendur fyrir viðburðum.
- UMFÍ styrkir grasrótarstarf.

Þriðji stefnuflokkurinn lýsir **verklaginu** og því hvernig UMFÍ ætlar að vinna.

- UMFÍ leggur áherslu á nútímalegar aðferðir.
- UMFÍ byggir á traustum stjórnarháttum.
- UMFÍ sýnir ábyrga hegðun.

Fjórði stefnuflokkurinn er **mannauðurinn**, sem lýsir ykkur sjálfboðaliðunum, starfsfólki hreyfingarinnar og því hvernig við sjáum UMFÍ sem samstarfsaðila.

- UMFÍ byggir á öflugu sjálfboðaliðastarfi.
- UMFÍ samanstendur af öflugu starfsfólki.
- UMFÍ er sterkur samstarfsaðili.

Fimmti og síðasti stefnuflokkurinn styður síðan við alla hina flokkana sem áður hafa verið taldir upp. Það er **fjármálaliðurinn**.

- UMFÍ er framsýnt í öflun styrkja og rekstrarfjármuna.
- UMFÍ er ábyrgt í nýtingu fjármuna, mannauðs, aðstöðu og búnaðar.



# EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS ..... 3
UPPBYGGING ÁRSSKÝRSLU ..... 5

## STARFSEMI

### UMFÍ EFLIR STARF SAMBANDSAÐILA OG AÐILDARFÉLAGA ÞEIRRA

SAMBANDSAÐILAR UMFÍ ..... 10
MÁLSVARI HREYFINGARINNAR ..... 13
Umsagnir til Alþingis ..... 13
Miðlun og samskipti ..... 14

### UMFÍ HVETUR OG STYÐUR VIÐ EFLINGU LÝÐHEILSU

ÁNÆGJUVOGIN ..... 16
Besta forvörnin er að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi ..... 19

## LEIÐIR

### UMFÍ ER ÖFLUGUR ÞJÓNUSTUAÐILI

ÁHRIF HEIMSFARALDURS Á STARF UMFÍ OG SAMBANDSAÐILA ..... 22

### UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU- OG FORVÖRNUM

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM ..... 24
UNGMENNABÚÐIR UMFÍ Á LAUGARVATNI ..... 26
ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF ..... 28

### UMFÍ STENDUR FYRIR VIÐBURÐUM

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ ..... 29
ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ ..... 32
Boðhlaup BYKO ..... 32
Drulluhlaup Krónunnar ..... 32
Hundahlaup UMFÍ og Non-stop dogwear ..... 33
Forsetahlaup UMFÍ ..... 33
LANDSMÓT UMFÍ 50+ ..... 36
UNGMENNARÁÐ UMFÍ ..... 39
Ungt fólk og lýðræði ..... 39
Skemmtifolfmót ..... 40
VINAÞJÓÐIR DEILA ÞEKKINGU ..... 42
SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ ÍSÍ ..... 44
Aukin þátttaka í skipulögðu starfi ..... 44
Málþing um aukna þátttöku fólks af erlendum uppruna ..... 44
Hefur barnið þitt fundið sína íþrótt? ..... 45
Sýnum karakter og 5C's ..... 45
Betra félag ..... 45
ÖNNUR SAMSTARFSVERKEFNI ..... 46
Víkingamótaröðin ..... 46
Forvarnardagurinn ..... 46
Grunnskólamót í blaki ..... 46
Slöbbum saman ..... 47
Hraust í haust ..... 47
Dagur sjálfboðaliðans ..... 47
Dagur gegn einelti ..... 47

### UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF

GETSPÁ – GETRAUNIR – MIKILVÆGIR BAKHJARLAR ..... 48
LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA ..... 50
SJÓÐIR ..... 52
Fræðslu- og verkefnasjóður ..... 52
Umhverfissjóður ..... 52
Lýðháskólastyrkir ..... 53

## VERKLAG

### UMFÍ LEGGUR ÁHERSLU Á NÚTÍMALEGAR AÐFERÐIR


STAÐA UMFÍ SEM VÖRUMERKI ........ 56
Ímyndarvísitala Brandr ........ 56
Stefnumótunaræfing sem dregur fram sýn stjórnenda og skerpir áherslur ........ 57
NÝTT STARFSSKÝRSLUKERFI ........ 58


### UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM STJÓRNARHÁTTUM


52. SAMBANDSÞING UMFÍ ........ 59
STEFNUMÓTUN – HORFT TIL FRAMTÍÐAR ........ 62
FUNDIR ........ 64
Vorfundur 2022 ........ 64
Stjórnarfundir ........ 64
Fundir framkvæmdastjórnar ........ 64
LÖG UMFÍ ........ 65


### UMFÍ SÝNIR ÁBYRGA HEGÐUN


SKÝRIR VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF 68
Viðbragðsáætlun ........ 68
Siðareglur ........ 68
Sakavottorð ........ 68
VIRÐING FYRIR NÁTTÚRU UMHVERFI ........ 69
Þrastaskógur ........ 69
Kolefnisjöfnun Unglingalandsmóts ........ 69


## MANNAUÐUR

### UMFÍ BYGGIR Á ÖFLUGU SJÁLFBOÐALIÐASTARFI


STJÓRN OG NEFNDIR 2021-2023 ........ 72
Stjórn ........ 72
Framkvæmdastjórn ........ 72
Nefndir ........ 72
VIÐURKENNINGAR ........ 75
Heiðursfélagar ........ 75
Gullmerki UMFÍ ........ 76
Starfsmerki UMFÍ ........ 77
VERÐLAUN ........ 82
Hvatningarverðlaun UMFÍ ........ 82
Fyrirmyndarbikarinn ........ 84
Umhverfisverðlaun UMFÍ ........ 84
Sigurðarbikarinn ........ 84
Matmaður UMFÍ ........ 85


### UMFÍ SAMANSTENDUR AF ÖFLUGU STARFSFÓLKI


STARFSFÓLK ........ 86


### UMFÍ ER STERKUR SAMSTARFSAÐILI


SAMSTARF ........ 88
STARFSHÓPAR SEM UMFÍ TEKUR ÞÁTT Í ........ 88
HÁSKÓLA- OG FRÆÐASAMFÉLAGIÐ ........ 88
SAMBANDSAÐILAR, FYRIRTÆKI OG FÉLAGASAMTÖK ........ 89
ERLEND SAMSKIPTI ........ 90
Landsmót DGI í Svendborg ........ 91


## FJÁRMÁL

### UMFÍ ER ÁBYRGT Í NÝTINGU FJÁRMUNA, MANNAUÐS, AÐSTÖÐU OG BÚNAÐAR


ÁRSREIKNINGUR UMFÍ 2021 ........ 94
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 95
Skýrsla stjórnar ........ 97
Rekstrarreikningur ársins 2021 ........ 98
Yfirlit um rekstur 2021 ........ 99
Efnahagsreikningur 31. desember 2021 ........ 100
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021 ........ 102
Skýringar ........ 103


START
MARK
UMFÍ
UMFÍ
ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
249
FORSETA HLAUP
ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
77
FORSETA HLAUP
UMFÍ
ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
4
FORSETA HLAUP
LFC




# STARFSEMI

# SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og fimm ungmennafélög með beina aðild.

**HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR**
HSB

**HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU**
HSH

**HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA**
HSS

**HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA**
HSV

**HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA**
HSÞ

**HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNA-FLÓKI**
HHF

**HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN**
HSK

**ÍÞRÓTTABANDALAG AKRANESS** ÍA

**ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR** ÍBA

**ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR**
ÍBR

**UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS**
UÍA

**UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR**
UÍF

Innan UMFÍ eru 450 aðildarfélög
með yfir 290.000 félaga

**UNGMENNASAMBAND AUSTUR-HÚNVETNINGA**
USAH

**UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR**
UMSB

**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG N-BREIÐFIRÐINGA**
UDN

**UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR**
UMSE

**UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS**
UMSK

**UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR**
UMSS

**UNGMENNASAMBAND VESTUR-HÚNVETNINGA**
USVH

**UNGMENNASAMBAND VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU**
USVS

**UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR**
USÚ

**KEFLAVÍK ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAG**
Keflavík

**UNGMENNAFÉLAG GRINDAVÍKUR**
UMFG

**UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR**
UMFN

**UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ**
V

**UNGMENNAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR**
UMFÞ

# STÆRÐ SAMBANDSAÐILA

| | SKAMMST. | STOFNAÐ | IÐKENDUR[1] | IÐKANIR[2] | FÉLAGAR[3] | FORMAÐUR | FRAMKVÆMDASTJÓRI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Héraðssamband Bolungavíkur | HSB | 1982 | 91 | 93 | 91 | Jónas L. Sigursteinsson | |
| Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu | HSH | 1922 | 1.217 | 1.565 | 3.718 | Hjörleifur K. Hjörleifsson | Daði Jörgensson |
| Héraðssamband Strandamanna | HSS | 1944 | 118 | 137 | 714 | Jóhann Björn Arngrímsson | Magnea Dröfn Hlynsdóttir |
| Héraðssamband Vestfirðinga | HSV | 2000 | 1.127 | 1.689 | 3.686 | Lára Ósk Pétursdóttir | Dagný Finnbjörnsdóttir |
| Héraðssamband Þingeyinga | HSÞ | 1914 | 1.441 | 2.093 | 3.695 | Jón Sverrir Sigtryggsson | Gunnhildur Hinriksdóttir |
| Héraðssambandið Hrafna-Flóki | HHF | 1971 | 176 | 236 | 798 | Margrét Brynjólfsdóttir | Guðný Lilja Pálsdóttir |
| Héraðssambandið Skarphéðinn | HSK | 1910 | 9.055 | 11.307 | 16.733 | Guðríður Aadnegard | Engilbert Olgeirsson |
| Íþróttabandalag Akraness | ÍA | 1946 | 2.719 | 3.471 | 3.722 | Hrönn Ríkarðsdóttir | Guðmunda Ólafsdóttir |
| Íþróttabandalag Akureyrar | ÍBA | 1944 | 5.870 | 8.278 | 18.712 | Geir Kristinn Aðalsteinsson | Helgi Rúnar Bragason |
| Íþróttabandalag Reykjavíkur | ÍBR | 1944 | 32.465 | 40.700 | 100.174 | Ingvar Sverrisson | Frímann Ari Ferdinandsson |
| Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands | UÍA | 1941 | 2.691 | 3.708 | 5.785 | Benedikt Jónsson | Gunnar Gunnarsson |
| Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar | UÍF | 2009 | 541 | 797 | 1.430 | Óskar Þórðarson | Brynja Hafsteinsdóttir |
| Ungmennasamband Austur-Húnavetninga | USAH | 1912 | 505 | 670 | 1.489 | Snjólaug Jónsdóttir | |
| Ungmennasamband Borgarfjarðar | UMSB | 1912 | 1.297 | 1.681 | 2.024 | Sonja Lind E. Eyglóardóttir | Bjarney Bjarnadóttir |
| Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga | UDN | 1918 | 219 | 255 | 290 | Heiðrún Sandra Grettisdóttir | Jón Egill Jónsson |
| Ungmennasamband Eyjafjarðar | UMSE | 1922 | 833 | 1.165 | 2.382 | Sigurður Eiríksson | Þorsteinn Marinósson |
| Ungmennasamband Kjalarnesþings | UMSK | 1922 | 27.481 | 35.409 | 104.350 | Guðmundur Sigurbergsson | Valdimar Smári Gunnarsson |
| Ungmennasamband Skagafjarðar | UMSS | 1910 | 1.606 | 2.427 | 4.497 | Gunnar Þór Gestsson | Thelma Knútsdóttir |
| Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga | USVH | 1931 | 314 | 389 | 674 | Guðrún Helga Magnúsdóttir | Heiðrún Nína Axelsdóttir |
| Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu | USVS | 1970 | 288 | 382 | 689 | Fanney Ásgeirsdóttir | Erla Þórey Ólafsdóttir |
| Ungmennasambandið Úlfljótur | USÚ | 1932 | 905 | 1.364 | 2.330 | Jóhanna Íris Ingólfsdóttir | |
| Keflavík íþrótta- og ungmennafélag | Keflavík | 1929 | 2.767 | 3.138 | 9.421 | Einar Haraldsson | Einar Haraldsson |
| Ungmennafélag Grindavíkur | UMFG | 1944 | 673 | 1.040 | 1.626 | Klara Bjarnadóttir | Jón Júlíus Karlsson |
| Ungmennafélag Njarðvíkur | UMFN | 1935 | 1.632 | 1.912 | 6.241 | Ólafur Eyjólfsson | Hámundur Örn Helgason |
| Ungmennafélagið Vesturhlíð | V | 1987 | 54 | 54 | 54 | Einar Kristján Jónsson | |
| Ungmennafélagið Þróttur | UMÞ | 1932 | 172 | 232 | 963 | Petra Ruth Rúnarsdóttir | Marteinn Ægisson |
| | | **Samtals** | **96.257** | **124.192** | **296.288** | | |

1. Hver einstaklingur er aðeins talinn sem iðkandi einu sinni. 2. Fjöldi iðkana einstaklings í hverju félagi. 3. Meðlimur í félagi.

# MÁLSVARI HREYFINGARINNAR

## UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um ýmis mál sem eru á ýmsum stigum fyrir þinginu. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi við umgjörð íþrótta- og æskulýðsmála. Fulltrúar UMFÍ hafa setið fyrir svörum hjá nefndum Alþingis og álit UMFÍ hafa haft áhrif á lög og reglugerðir.

### Mennta- og barnamálaráðuneyti: Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs

**2. júní 2022** UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Breytingarnar eru til þess fallnar að styrkja starf samskiptaráðgjafa. UMFÍ hefur lengi mælt fyrir mikilvægi þess að auka öryggi iðkenda í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi og unnið ötullega að því að styðja við og styrkja starf samskiptaráðgjafa.

### Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025

**1. júní 2022** UMFÍ leggur til að stjórnvöld tryggi fjármagn og vinni með afar virkum hætti með íþróttafélögum um allt land að kynningu fyrir fólk af erlendu bergi brotið á gildi skipulags íþróttastarfs og gera félögunum kleift að vinna eftir megni að því að ná betur til fólks af erlendu bergi brotið. Það þarf að gerast á þeim fjölbreyttu tungumálum sem fólk talar á Íslandi. Að sama skapi þarf að beita mismunandi aðferðum við að koma upplýsingunum til skila. Það væri mögulegt að vinna fyrir milligöngu UMFÍ og/eða ÍSÍ sem myndu fá bolmagn til að styðja íþróttafélög um allt land til sinna verkefninu.











### Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Frumvarp til laga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036

**1. júní 2022** UMFÍ fagnar því að sjá í frumvarpi til laga um stefnumótun byggðaáætlunar fyrir árin 2022–2036 að horft sé til frekari skilgreiningar og eflingu íþróttahéraða með hag barna og ungmenna að leiðarljósi. Mörg íþróttahéruð voru sett á laggirnar á öðrum og þriðja áratug tuttugustu aldar, nokkur á fimmta áratugnum og örfá síðar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Eins og fram kemur í frumvarpinu þarf að tryggja rétt íbúa landsins óháð búsetu og að sem flestir – bæði landsmenn og innflytjendur – fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Til að svo megi vera þarf að tryggja að íbúarnir hafi aðgang að íþróttum og öðru skipulögðu tómstundastarfi óháð búsetu og efnahag.

### Mennta- og barnamálaráðuneyti: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019

**14. mars 2022** UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem styrkir starf samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Jákvætt er að sjá í lagabreytingunni að dyr til samskiptaráðgjafa standa öllum opnar í íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi. Þetta er mikilvægt, enda ljóst af tölulegum upplýsingum um málafjölda og aukningu þeirra á þeim tveimur árum sem samskiptaráðgjafi hefur starfað, að full þörf er á starfinu. UMFÍ tekur undir mikilvægi þess að ein samrýmd aðgerðaráætlun sé til fyrir öll íþrótta- og æskulýðsfélög.

### Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsögn við þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur

**15. janúar 2022** UMFÍ tekur heilshugar undir frumvarp um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og auknum stuðningi við þolendur þeirra. UMFÍ styður aðgerðaráætlunina en leggur áherslu á mikilvægi forvarna og forvirkra aðgerða. Það sem miklu skiptir á sama tíma er að upplýsa börn, ungmenni og fullorðið fólk á sem einfaldastan og skýrastan hátt og á öllum heimsins tungumálum um æskilega hegðun. Fræðslan mun án nokkurs vafa leiða til betri hegðunar, fækkunar brota og betra samfélags.

### Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Umsögn um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir

**29. nóvember 2021** Vöxtur rafíþrótta/rafleikja hefur verið hraður og mörg félög farin að bjóða iðkendum sínum upp á æfingar í greininni. UMFÍ hefur verið virkur þátttakandi í vexti rafíþrótta hér á landi. Ungmennafélagshreyfingin hefur stutt aðildarfélög sem sýnt hafa málinu áhuga og fjallað á vefsíðu sinni og öðrum miðlum UMFÍ um þau félög sem sett hafa á stofn rafíþróttadeildir.

## MIÐLUN OG SAMSKIPTI

UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur þá til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi og geti tekið þátt í fjölbreyttri hreyfingu. Á síðasta starfstímabili birtust sex greinar í fjölmiðlum landsins. Allar eiga greinarnar það sameiginlegt að hvetja til aukinnar þátttöku og eflingu lýðheils.

### Forvarnamódel í lýðheilsu

**25. ágúst 2022** „Með gögn að vopni og samhent átak stjórnvalda, sveitarfélaga, íþróttahreyfingarinnar og einstaklinga getum við snúið vörn í sókn í lýðheilsumálum og dregið úr ónauðsynlegu álagi á heilbrigðiskerfið með forvörnum. Það dregur úr kostnaði og, það sem mest er um vert; eykur lífsgæði okkar sjálfra.

Við getum aukið lífsgæði okkar. Tökum skrefið og gerum það saman með skemmtilegu og skipulögðu landsátaki – koma svo!“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í aðsendri grein í Morgunblaðinu.*

### Íþróttahreyfingin þarf að hugsa til framtíðar fyrir alla

**26. febrúar 2022** „Íþróttahreyfingin á að vera til fyrirmyndar. Það þýðir að við sem störfum innan hennar þurfum líka að vera fyrirmyndir. Þær fyrirmyndir hugsa ekki um eigin hag heldur hagsmuni heildarinnar. Íþróttahreyfingin þarf að vera skrefi á undan samtíðinni til að geta komið til móts við iðkendur.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í ávarpi við setningu 76. ársþings KSÍ.*

## Áhersla á almenna þátttöku og lýðheilsu

**31. janúar 2022** „Framtíðarsýn UMFÍ er að leggja áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu og með stuðningi sambandsins verður starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra. Gleði – Traust – Samvinna eru gildin sem við höfum að leiðarljósi.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, í leiðara í Skinfaxa, tímariti UMFÍ.*

## Kynning fyrir Rótarý

**29. nóvember 2021** „Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi. Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra ásamt því að hvetja og styðja við bætta lýðheilsu landsmanna.“

– *Umfjöllun Rótarýklúbbsins Görðum í Garðabæ um hádegiserindi Jóhanns Steinars Ingimundarsonar, formanns UMFÍ.*

## Drögum úr kostnaði heilbrigðiskerfisins með forvörnum

**15. nóvember 2022** „Betra líf og heilbrigðara ætti að létta á hluta heilbrigðiskerfisins og þar með draga úr kostnaði þess. Við hvetjum því stjórnvöld til að vinna með íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni að því að bæta lífi í árin og árum í lífið. Það er samfélaginu til góða.“

– *Haukur Valtýsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ í aðsendri grein á visir.is.*

## Bætt lýðheilsa þarf að fá meira rými á Alþingi

**15. október 2021** „Gleðin í hreyfingu, bætt lýðheilsa og betra samfélag þarf að fá meira rými á Alþingi, sveitarstjórnarfólk þarf að gera sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og lýðheilsu og möguleika íþróttafélaga um allt land til að sinna því.“

– *Haukur Valtýsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, í ávarpi við setningu Sambandsþings UMFÍ 2021.*

## Heimsókn Þingflokks Framsóknarflokksins

**17. febrúar 2022** Þingflokkur Framsóknarflokksins heimsótti þjónustumiðstöð UMFÍ á Sauðárkróki í kjördæmaviku í febrúar 2022 og átti gott samtal við Ómar Braga Stefánsson, landsfulltrúa og framkvæmdastjóra móta UMFÍ. Á meðal þingmanna voru Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra og fleiri.








# ÁNÆGJUVOGIN

Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknum og greiningu (R&g) fyrir UMFÍ og ÍSÍ. R&g hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir verkefnaheitinu Ungt fólk. UMFÍ og ÍSÍ hafa nýtt niðurstöður úr Ánægjuvoginni frá árinu 2012 til þess að fylgjast með þróun ánægju í íþróttum og íþróttaiðkun 13–15 ára ungmenna.

Dæmi um spurningar: Hversu ánægð/ánægður ertu með íþróttafélagið, þjálfarann og aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfinu? Skoðuð eru tengsl íþróttaiðkunar við þætti eins og vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu, svefn og neyslu orkudrykkja.

Árið 2022 var niðurstöðum Ánægjuvogarinnar skipt upp eftir heilbrigðisumdæmum landsins í stað hvers íþróttahéraðs. Með þeim hætti mátti bera niðurstöðurnar saman við lýðheilsuvísa Embættis landlæknis. Að auki fékk hvert félag sem er með fleiri en 15 iðkendur sérstakt blað með lykiltölum fyrir félagið. Í nokkrum tilvikum þar sem tilskilinn fjöldi náðist ekki voru útbúnar skýrslur fyrir sveitarfélagið.

## JÁKVÆÐAR NIÐURSTÖÐUR

Þriðjudaginn 21. júní fór fram kynning í þjónustumiðstöð UMFÍ. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu og kennari við íþróttafræðideild Háskólans í Reykjavík, fór þar yfir helstu niðurstöður.

Þar kom fram að andleg og líkamleg heilsa ungra iðkenda er betri hjá þeim sem stunda íþróttir en þeim sem gera það ekki. Iðkendum í skipulögðu íþróttastarfi í 9. og 10. bekk grunnskóla hefur fjölgað á árabilinu 2003–2022. Hlutfall þeirra sem sögðust nær aldrei stunda íþróttir fór úr 49% árin 2003 og 2006 í 37% árið 2010. Á síðasta ári sögðust 42% nemenda í þessum bekkjum aldrei stunda íþróttir.

Þá kemur fram að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar hækkar stöðugt frá árinu 2003 til 2010. Nú segist um 41% nemenda á þessu aldursbili stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar. Hlutfall þeirra nemenda sem segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku er komið í 17% nemenda.

**Hve oft stundar þú (æfir eda keppir) íþróttir með íþróttafélagi?**
Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk á íslandi, árin 2003-2022



## ÁSKORANIR

Um helmingur barna sem koma frá heimilum þar sem eingöngu íslenska er töluð stundar æfingar með íþróttafélagi en öðru máli gegnir um nemendur af erlendum uppruna sem og nemendur sem skilgreina sig kynsegin. Þessir tveir hópar stunda síður íþróttir en aðrir.

Niðurstaðan er sú að 42% stúlkna stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar og 19% 1–3 sinnum í viku. Á sama tíma svöruðu 46% drengja því að þeir stunduðu íþróttir með félagi fjórum sinnum í viku eða oftar og 18% 1–3 sinnum í viku.

Á hinn bóginn stundaði meirihluti nemenda sem skilgreinir sig kynsegin/annað ekki íþróttir með félagi, eða 66%. Einungis 16% stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar og 18% 1–3 sinnum í viku.

**Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?**
Greint eftir kynferði og umdæmi, árið 2022



Keimlík niðurstaða er í þeim svörum sem fengust þegar íþróttaiðkun var greind niður eftir því hvort íslenska var töluð á heimili viðkomandi, annað mál eða eingöngu annað. Færri ungmenni stunda íþróttir reglulega ef þau koma frá heimilum þar sem eingöngu annað tungumál er talað en íslenska.

**Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?**

Greint eftir spurningunni – Er töluð íslenska á þínu heimili? og umdæmi, árið 2022



# BESTA FORVÖRNIN ER AÐ TAKA ÞÁTT Í SKIPULÖGÐU ÍÞRÓTTASTARFI

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2022 árétta mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla, því yfirgnæfandi meirihluti iðkenda er ánægður með íþróttafélagið sitt, þjálfarann sinn og æfingaaðstöðuna og upplifir gott félagslíf með liðinu.

Til viðbótar hefur verið sýnt fram á að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður betur en hinum. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki.

Af þeim sökum er mikilvægt að ná til þeirra sem ekki stunda skipulagt íþróttastarf.

Allar skýrslur fyrir hvern landshluta er að finna á heimasíðu UMFÍ, umfi.is.









„Börnum í íþróttum líður betur, þau sofa meira, eru hamingjusamari og gengur betur í námi."

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu og kennari við íþróttafræðideild Háskólans í Reykjavík




macron
646



# LEIÐIR

# ÁHRIF HEIMSFARALDURS Á STARF UMFÍ OG SAMBANDSAÐILA

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hófst undir lok ársins 2019 og skók alla heimsbyggðina. Á fyrri hluta ársins 2022 fjaraði loks undan faraldrinum og frá og með marsmánuði fór starf íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar af stað á ný.

Á meðan á faraldrinum stóð birtust ævinlega fréttir, upplýsingar og ráðleggingar fyrir stjórnendur aðildarfélaga á heimasíðu UMFÍ. Að auki fengu sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra send rafræn fréttabréf. Margir leituðu líka ýmissa ráða til þjónustumiðstöðvar UMFÍ á meðan á faraldrinum stóð.

## 2021

**10. nóvember**: Fjöldatakmarkanir miðast við 500 manns frá og með miðnætti að undanskildu hraðprófi. Með notkun hraðprófa verður heimilt að halda viðburði fyrir allt að 1.500 manns. Þessar nýju reglur gilda til 8. desember.

12. nóvember: Fimmtíu einstaklingar mega nú koma saman á viðburði og hámarksfjöldi gesta á sund- og baðstöðum, líkamsræktarstöðvum og skíðasvæðum miðast við 75% af heimiluðum hámarksfjölda. Grímuskylda er tekin upp aftur þar sem ekki er hægt að virða eins metra nándarreglu og íþróttir með snertingu eru heimilar, samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um hertar sóttvarnaaðgerðir sem taka gildi á miðnætti. Reglugerðin gildir til 8. desember 2021.

**22. desember**: Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, fundaði með lykilaðilum í íþrótta- og æskulýðshreyfingunni vegna hertra aðgerða til að hefta útbreiðslu faraldursins. Ráðherra lýsti tilgangi fundarins með þeim hætti að honum væri ætlað að gera forsvarsfólki íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar kleift að tjá sig um stöðuna í skugga faraldursins og rætt var um áhrifin af völdum aðgerða yfirvalda.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaxa, tímarits UMFÍ, voru þátttakendur á fundinum fyrir hönd UMFÍ.

**23. desember**: Fjöldatakmarkanir miðast við 20 manns og eru börn ekki undanþegin fjöldatakmörkunum. Tveggja metra nándarreglan er tekin upp á ný og eru börn fædd 2016 og yngri undanskilin henni. Hvatt er til fjarvinnu á vinnustöðum eftir því sem mögulegt er, að því er fram kemur í nýjum og hertum sóttvarnareglum. Reglurnar taka gildi á Þorláksmessu og verða í gildi næstu þrjár vikurnar. Sóttvarnareglur um skólahald eiga við um Ungmennabúðir UMFÍ.

## 2022

**11. janúar**: Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að tillögu sóttvarnalæknis að núgildandi takmarkanir á samkomum innanlands verði framlengdar um þrjár vikur, eða til 2. febrúar 2022. Samhliða nýrri reglugerð um samkomutakmarkanir hefur verið sett sérstök reglugerð um skólastarf.

**14. janúar**: Almennar samkomutakmarkanir fara í tíu úr tuttugu og áfram tveggja metra nálægðarmörk ásamt grímuskyldu. Skólar halda áfram að vinna samkvæmt reglugerð. Heimild fyrir fleira fólk á viðburðum en samkomutakmarkanir heimila að undangengnum hraðprófum verður ekki í gildi lengur. Íþróttakeppnir verða heimilar áfram með 50 þátttakendum en án áhorfenda. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar verða opin en þó aðeins með heimild um 50 prósent af leyfilegum hámarksfjölda.

**26. janúar**: Einstaklingum sem eru útsettir fyrir COVID-19 smiti utan heimilis eða dvalarstaðar síns verður frá og með morgundeginum ekki lengur skylt að fara í sóttkví. Þeir þurfa þess í stað að viðhafa smitgát. Sóttkví verður áfram beitt gagnvart þeim sem hafa verið útsettir fyrir smiti innan heimilis eða dvalarstaðar en þríbólusettir sem útsettir eru á heimili geta verið í smitgát sem lýkur með sýnatöku. Börn á leik- og grunnskólaaldri verða enn fremur undanþegin smitgát.

**11. febrúar**: Allt er nú að þokast til betri vegar hvað sóttvarnir og samkomutakmarkanir snertir. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra tilkynnti frekari tilslakanir á sóttvarnaraðgerðum. Þær fela í sér að almennar fjöldatakmarkanir fara úr 50 manns í 200 innandyra og takmörkun á skólastarfi fellur niður auk allra fjöldatakmarkana utandyra. Þá falla sömuleiðis niður reglur um sóttkví. Reglur á landamærum breytast hins vegar ekki.

Áfram er þess krafist að útsettir fari varlega og viðhafi persónulegar sóttvarnir. Þá mun fólk með staðfest Covid-19 smit áfram sæta fimm daga einangrun. Ný reglugerð tekur gildi á miðnætti aðfaranótt 12. febrúar 2022 og gildir hún til 25. febrúar.

## STUÐNINGUR STJÓRNVALDA VEGNA COVID

Stjórnvöld veittu íþróttahreyfingunni 500 milljóna króna fjárframlag í apríl 2022 vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldursins. Fram kom í umfjöllun um málið að samkomutakmarkanir af völdum hans settu verulegan svip á allt íþróttastarf og varð íþróttahreyfingin fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna þess.

Útfærsla úthlutunarinnar og framkvæmd var unnin í samstarfi við ÍSÍ. Sérsambönd, íþróttahéruð og félög með aðild að UMFÍ og ÍSÍ gátu sótt um stuðning vegna taps af völdum faraldursins.

Sjötíu prósent fjármagnsins runnu til sérsambanda og íþróttahéraða því þau höfðu ekki áður fengið tjón sitt bætt með sama hætti og íþróttafélög. Það sem út af stóð (30%) rann til íþróttafélaga.

## VARNARORÐ TIL FORSVARSFÓLKS

Starfsfólk UMFÍ þurfti nokkrum sinnum að senda forsvars- og starfsfólki íþrótta- og ungmennafélaga skeyti og vara við svikapóstum netsvikahrappa. Svikapóstarnir voru í formi tölvupósta sem litu raunverulega út, eins og skeyti frá formanni eða framkvæmdastjóra félags. Póstarnir voru oftast nær sendir á gjaldkera eða starfsmenn félaga sem svikahrapparnir töldu að hefðu prókúru fyrir reikningum. Innihald póstanna var alltaf beiðni um millifærslu á tiltekinni upphæð vegna kaupa yfir á erlendan reikning.

> „Með þessum aðgerðum sýna stjórnvöld eindreginn vilja til að halda íþróttastarfinu gangandi, stóru jafnt sem smáu, með þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur á allt samfélagið.“
>
> Ásmundur Einar Daðason,
> mennta- og barnamálaráðherra

# SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM

Um miðjan ágúst undirrituðu þær Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, þá sveitarstjóri Húnaþings vestra, samning um rekstur UMFÍ á Skólabúðunum á Reykjum í Hrútafirði. Um 90 ár eru síðan skólastarf hófst á Reykjum, en Héraðsskólinn að Reykjum tók til starfa árið 1931. Hann var starfandi til ársins 1998.

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra auglýsti í mars á þessu ári eftir samstarfsaðila um rekstur Skólabúðanna að Reykjum og sóttist UMFÍ eftir samstarfi við sveitarfélagið um rekstur þeirra.

Þegar fyrir lá að UMFÍ tæki við rekstrinum í umboði sveitarstjórnar Húnaþings vestra hófust umfangsmiklar endurbætur á húsnæði búðanna áður en fyrstu nemendurnir komu í lok ágúst. Búið er að mála allt, skipta út nær öllu innbúi og húsgögnum og ráða í allar stöður. Langflest herbergi rúma tvo til fjóra nemendur eða um 120 nemendur í heildina.

## BÖRN AF ÖLLU LANDINU Á REYKJUM

Um 3.200 grunnskólabörn í 7. bekk af öllu landinu sækja búðirnar á hverju skólaári. Þar er lögð sérstök áhersla á uppeldisleg og félagsleg markmið. Í skólabúðunum eru nemendum einnig kynnt saga og atvinnuhættir á landsbyggðinni með skipulagðri safnakennslu í samstarfi við Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra býður UMFÍ hjartanlega velkomið í Hrútafjörðinn með óskum um ánægjulegt og farsælt samstarf. Vonir standa til að undir dyggri stjórn UMFÍ muni starfsemi Skólabúðanna að Reykjum blómstra í fagurri náttúru Hrútafjarðarins og þeirri sögu sem firðinum fylgir,“ sagði Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Húnaþings.

„Þetta eru tímamót hjá okkur í UMFÍ. Í Skólabúðunum að Reykjum munum við halda áfram með óformlegt nám eins og við gerum í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemin verður að mestu með óbreyttu sniði en okkar góðu áherslur UMFÍ og gildi sem fela í sér gleði, þátttöku og samvinnu verða í forgrunni þar sem ungmennafélagsandinn verður leiðarljósið,“ sagði Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

## ÁNÆGÐUR FYRSTI HÓPUR

„Ég svíf hérna um í bongóblíðu, krökkunum finnst allt rosa gaman og kennararnir eru ánægðir með aðstöðuna,“ segir Guðný Stefanía Stefánsdóttir, kennari í 7. bekk Grunnskólans á Ísafirði. Hún var í hópi fyrstu gestanna sem komu í Skólabúðirnar á Reykjum undir lok ágúst.

„Ég vissi að UMFÍ væri að taka við rekstrinum og af því að ég er svo mikil ungmennafélagskona var ég spennt að sjá breytinguna. Ég var líka ánægð að vera fyrst og taka þátt í að laga alla hnökra um leið og þeir koma upp. Þetta er æðislegt. Krakkarnir eru rosalega ánægðir. Þegar þeir eru sáttir eru allir glaðir,“ segir Guðný Stefanía.








# UNGMENNABÚÐIR UMFÍ Á LAUGARVATNI

Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla um allt land og eiga þeir möguleika á að dvelja þar frá mánudegi til föstudags við leik og störf.

Markmiðið með dvölinni er að styrkja félagsfærni ungmennanna og efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi ásamt því að heilbrigður lífsstíll fái meira vægi hjá þeim. Nemendurnir stíga út fyrir þægindarammann og læra að vinna með öðrum að því að ná sameiginlegum markmiðum.

Allir nemendur sem sækja búðirnar eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og allir fá þar tækifæri til að blómstra. Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar og eru þær fullbókaðar ár eftir ár.

## SVEIGJANLEIKI Í COVID

Heimsfaraldur Covid-19 hafði töluverð áhrif á rekstur og starfsemi Ungmennabúða UMFÍ. Bæði skólahópar og starfsfólk búðanna sýndu ótrúlegan sveigjanleika og þrautseigju við að bregðast fljótt og vel við breyttum samkomutakmörkunum og sóttvarnaraðgerðum. Starfsemin var með böggum hildar árið 2021 en hefur frá í mars 2022 verið með hefðbundnum hætti.

Allur ónýttur tími er nýttur í viðhald á staðnum, bæði húsi og umhverfinu í kring. Að mörgu er að huga, enda húsnæðið stórt, vel nýtt og möguleikarnir margir.

## STARFSMANNABREYTINGAR

Nokkrar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum í Ungmennabúðunum. Þær helstu eru að sumarið 2022 lét Jörgen Nilsson af störfum sem leiðbeinandi í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni. Margir þekkja Jörgen úr búðunum frá Laugum í Sælingsdal og á Laugarvatni, en hann hafði verið starfsmaður allt frá stofnun búðanna árið 2005.

Stjórn og starfsfólk þakkar Jörgen fyrir samstarfið og framlag hans til ungmenna og menntunar þeirra um allt land árum saman.

## TÆKIFÆRI FYRIR ÝMSA HÓPA

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs til sambandsaðila og aðildarfélaga. Þar hafa verið haldnar æfingabúðir og aðrir íþróttatengdir viðburðir. Margir hafa gripið tækifærið og átt góðar stundir á Laugarvatni. Í rúm 20 ár hefur Íþróttasamband fatlaðra verið með sumarbúðir í tvær vikur í Ungmennabúðunum á Laugarvatni og var engin undantekning þetta árið. Ráðgjafafyrirtækið KVAN var með sumarbúðir í alls þrjár vikur í júní og ágúst og Íþróttaakademían hélt tvö námskeið fyrir unga iðkendur í júlí.

## SVÖR NEMENDA UPP ÚR KÖNNUN VIÐ LOK DVALAR

- Þetta var æðislegt ævintýri!
- Frábær matur – 10 af 10!
- Mér hefur liðið æðislega hérna!
- Helstu kostir starfsfólksins eru að þau kenndu okkur samvinnu.
- Mesta áskorunin var að fara út fyrir þægindarammann.
- Það besta við Laugarvatn var að eignast nýja vini og kynnast nýju fólki.









# ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF

## SKINFAXI

Þrjú tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2021 og er stefnt á að jafn mörg blöð komi út árið 2022. Blaðið hefur komið óslitið út frá árinu 1909. Áhersla er lögð á að miðla þekkingu og fróðleik um víðtækt starf UMFÍ um allt land til að bæta starf íþrótta- og ungmennafélaga. Öll útgefin blöð er að finna á heimasíðu UMFÍ.

## GÖNGUBÓK

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2022. Bókin er lifandi verkefni sem endurskoðað er á hverju ári. Bókin sem kom út sumarið 2022 innihélt 272 gönguleiðir, ítarlegar lýsingar á tuttugu gönguleiðum og 38 léttar gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna. Bókin var prentuð í 11.000 eintökum og dreift mjög vel um allt land á vegum Póstdreifingar, fyrirtækis í eigu Árvakurs og Torgs, útgáfufélags Fréttablaðsins.

Í tilefni útgáfu Göngubókarinnar í ár var efnt til átaksverkefnis í samstarfi við Optical Studio. Átakið hófst 15. júlí og stóð fram að verslunarmannahelgi. Til þess að taka þátt þurfti að skella sér í gönguferð á einhverri af gönguleiðum í bókinni og deila mynd af leiðinni á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #göngumumísland. Sigurvegari var Brynja Gísladóttir, sem deildi mynd af sér frá Hafrahvammagljúfri á Kárahnjúkum. Leikir geta verið skemmtileg viðbót við bækur og mögulegt að haldið verði áfram á þessari vegferð.

## FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ hafa aukist verulega. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila reglulega á um tveggja vikna fresti hið minnsta. Í fréttabréfinu er fjallað um nýjar fréttir af UMFÍ, það sem er nýliðið og væntanlegt.

Frá byrjun október 2021 og fram í miðjan september 2022 voru send út 88 fréttabréf til sambandsaðila, almennra áskrifenda og fólks sem hafði sótt mót og viðburði UMFÍ.

## SÉRBLÖÐ VEGNA MÓTA

Tvö sérblöð voru gefin út í sumar í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Sérblöðin eru hugsuð sem farvegur fyrir auglýsingar styrktaraðila hvers móts eða viðburðar UMFÍ. Í blöðunum er ávarp fulltrúa UMFÍ og mótshaldara, dagskrá viðburðar og stutt lýsing á viðburðinum ásamt auglýsingum bæði helstu styrktaraðila og fjölda smærri.

*Tímaritið Skinfaxi dregur nafn sitt af hestinum Skinfaxa úr norrænni goðafræði. Skinfaxi dró vagn goðsagnaverunnar Dags er ók um himinhvolfið og lýsti upp daginn.*

# UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina, dagana 29.–31. júlí. Unglingalandsmótið var síðast haldið á Selfossi tíu árum fyrr. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og Sveitarfélagið Árborg.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, var framkvæmdastjóri mótsins eins og fyrr. Guðrún Tryggvadóttir var ráðin verkefnastjóri mótsins árið 2020 og hefur sinnt því starfi í gegnum árin þótt mótinu hafi tvívegis verið frestað. Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, kom einnig verulega að undirbúningi mótsins sem og framkvæmdanefnd undir stjórn Þóris Haraldssonar, formanns nefndarinnar.

Starfsfólk UMFÍ kom einnig mjög vel að undirbúningi mótsins og framkvæmd þess.

Um 1.000 þátttakendur skráðu sig til leiks, sem var nokkuð undir væntingum.

Veruleg áhersla var lögð á kynningarmálin og voru auglýsingar mótsins sýnilegar í fleiri fjölmiðlum en á nokkru öðru Unglingalandsmóti síðustu ár. Keypt var fjögurra blaðsíðna kynningarblað um mótið í Fréttablaðinu, fjallað um mótið í aðdraganda þess í fjölmiðlum og fór fólk í nokkur viðtöl í tengslum við undirbúninginn. Á meðan á mótinu stóð var talsvert fjallað um það.

Eins og venjulega var gefið út sérstakt mótsblað með helstu upplýsingum um mótið. Blaðinu var dreift til þátttakenda og þeirra sem á svæðinu voru. Í blaðinu voru ávörp forsvarsfólks UMFÍ og HSK en aðallega er það þó hugsað sem leið fyrir auglýsingar styrktaraðila og annarra bakhjarla mótsins.

**959**
þátttakendur
58% drengir
42% stúlkur

**53%**
þátttakenda voru að koma í fyrsta skipti á mótið

**92%**
þátttakenda fannst framkvæmd mótsins takast vel eða mjög vel

Þjónustumiðstöð mótsins var opnuð á fimmtudeginum daginn fyrir mót í húsi Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þjónustumiðstöðin var opin alla daga mótsins og veitti þátttakendum og gestum ýmsar upplýsingar um mótahaldið og svæðið. Þar náðu þátttakendur jafnframt í mótsgögn.

Mótið var í stórum dráttum hefðbundið en alltaf er reynt að bæta við og gera enn betur en á síðasta móti. Mótið hófst á föstudagsmorgni með keppni í nokkrum greinum. Síðan bættust fleiri greinar við. Hámarki náði dagskráin á laugardeginum. Keppni lauk síðdegis á sunnudag og mótinu var slitið um miðnætti.

**254**
lið tóku þátt

**614**
leikir spilaðir

## HVAR FRÉTTU ÞÁTTTAKENDUR AF MÓTINU

**48%** frá vinum

**33%** á samfélagsmiðlum

**28%** frá sínu íþróttafélagi

**19%** í fjölmiðlum

**19%** í gegnum auglýsingu

**14%** á vef UMFÍ

## KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru eftirfarandi: biathlon, bogfimi, borðtennis, fimleikalíf, frisbígolf, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund og upplestur.

Keppnin gekk vel fyrir sig undir stjórn sérgreinastjóra og sjálfboðaliða.

### ALDURSSKIPTING ÞÁTTTAKENDA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11 ára | 133 | 15 ára | 123 |
| 12 ára | 186 | 16 ára | 109 |
| 13 ára | 154 | 17 ára | 71 |
| 14 ára | 169 | 18 ára | 14 |

Mótssetning var með hefðbundnu sniði og fór fram á Selfossvelli á föstudagskvöldinu. Þá gengu þátttakendur inn á svæðið með fána sambandsaðila sinna. Ávörp fluttu Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, sem setti mótið, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra. Guðni var gestur mótsins en Ásmundur með þátttakendur á því. Söngvararnir og tónlistarfólkið Már Gunnarson og Iva (Marín Adrichem) fluttu tvö lög. Tónlistarkonan Bríet sló botn í setninguna og þustu þá ungir þátttakendur til hennar á íþróttavöllinn.

Mótsslitin fóru einnig fram á Selfossvelli rétt fyrir miðnætti á sunnudeginum. Þar sleit Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, mótinu og Björgunarfélag Árborgar lokaði því með flugeldasýningu.

### HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2011-2022

| | | |
|---|---|---|
| 2022 | Selfossi | 959 |
| 2021 | Selfossi | Frestað |
| 2020 | Selfossi | Frestað |
| 2019 | Höfn í Hornafirði | 960 |
| 2018 | Þorlákshöfn | 1279 |
| 2017 | Egilsstaðir | 980 |
| 2016 | Borgarnes | 1314 |
| 2015 | Akureyri | 1973 |
| 2014 | Sauðárkrókur | 1423 |
| 2013 | Höfn í Hornafirði | 1100 |
| 2012 | Selfoss | 1785 |
| 2011 | Egilsstaðir | 1085 |

## AFÞREYING

Afþreying spilaði stóran þátt á mótinu. Margir tónlistarmenn stigu á stokk, m.a. Bríet, Jón Jónsson, Friðrik Dór, Stuðlabandið, Herra Hnetusmjör, dj Dóra Júlía, Birnir og fleiri. Leiktækjagarður var settur upp í Selfosshöllinni og mikið var gert fyrir yngri þátttakendur og gesti.

## STYRKTARAÐILAR

Helstu styrktaraðilar voru; Coca Cola, Nettó, Toyota Selfossi, MS, Lindex, Íslensk getspá, Kjörís og SS.












292
295
296
292


5
ECOAIMS


nettó













# ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ

Íþróttaveisla UMFÍ var haldin í sumar í samstarfi við UMSK, sem fagnaði 100 ára afmæli á árinu. Voru viðburðir Íþróttaveislunnar liður í afmælisfögnuðinum, enda voru þeir haldnir á sambandssvæði UMSK á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirhugað var að halda fjóra viðburði. Sá fyrsti var felldur niður en hinir þrír slógu í gegn. Þeir voru Drulluhlaup Krónunnar, Hundahlaup UMFÍ og Non-stop dogwear og Forsetahlaup UMFÍ. Sérstakar auglýsingar voru gerðar fyrir alla viðburðina. Fulltrúar UMFÍ kynntu þá alla á ársfundum og þingum sambandsaðila UMFÍ um allt land í aðdraganda viðburðanna.




## BOÐHLAUP BYKO

Boðhlaup BYKO átti að fara fram í Kópavogsdalnum við Fífuna fimmtudaginn 30. júní. Hlaupið er byggt á danskri fyrirmynd, sem er einn stærsti almenningsviðburðurinn þar í landi. Starfsfólk UMFÍ og UMSK lagði á sig mikla undirbúningsvinnu með BYKO og var mótið auglýst vel í samstarfi við áhrifavaldinn Evu Ruzu, sem fjallaði um mótið á miðlum sínum og vann við að gera auglýsingar fyrir hlaupið með UMFÍ og UMSK. Breiðablik og UMSK áttu að hafa umsjón með viðburðinum.

Viðburðurinn var auglýstum á miðlum Sýnar (m.a. Bylgjunni, FM 957 og visir.is) auk þess sem hann var auglýstur á umhverfismiðlum (e. billboard) og í bæjarblöðum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Kópavogi og Garðabæ, auk þess sem auglýst var á samfélagsmiðlum, YouTube og á öðrum netmiðlum. Horft var til þess að góður sýnileiki viðburðarins myndi skila sér í góðri þátttöku.

Þrátt fyrir mikla vinnu var dræm skráning í Boðhlaup BYKO. Ýmsir þættir eru taldir skýra þróun mála, fólk var með uppsafnaða þörf fyrir að ferðast til útlanda eftir heimsfaraldurinn, margir viðburðir voru í boði um svipað leyti og margar veislur höfðu setið á hakanum síðastliðin tvö ár. Ákveðið var undir lok júní að fresta mótinu til 1. september og vinna að því að fjölga þátttakendum. Þær væntingar gengu ekki eftir og var því ákveðið að fella viðburðinn alfarið niður.




## DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Drulluhlaup Krónunnar var haldið í Mosfellsbæ 13. ágúst í samstarfi við UMSK og Ungmennafélagið Aftureldingu. Um fjölskylduhlaup var að ræða. Hlaupaleiðin var 3,5 km löng með rúmlega 20 þrautum. Mikil vinna fór í undirbúning Drulluhlaups Krónunnar með markaðssviði Krónunnar og fleirum. Viðburðurinn var aðallega auglýstur á útvarpsstöðvum Sýnar og netmiðlinum visir.is auk samfélagsmiðla og netmiðlum, auk þess sem aðildarfélög UMFÍ dreifðu auglýsingum um hlaupið.

Afar góð þátttaka var í viðburðinum og var ákveðið að loka fyrir skráningu degi fyrir hlaupið þegar þátttakendur voru orðnir 400 talsins. Aðstandendur sögðu þetta góða þátttöku en vel væri mögulegt að skrá allt að þrisvar sinnum fleiri þátttakendur á viðburðinn.

Í hlaupinu var lögð áhersla á gleði og samvinnu og gekk það eftir. Þátttakendur í hlaupinu voru á öllum aldri. Þeir voru ræstir framan við íþróttamiðstöðina að Varmá. Eva Ruza og útvarpsmaðurinn Siggi Gunnars sáu um að halda fjörinu uppi framan við íþróttamiðstöðina og tókst það vel. Allt svæðið var skreytt með fánum, myndasvæði fyrir þátttakendur og Krónuhjóli, sem skreytt var ávöxtum og grænmeti sem þátttakendur gátu nýtt sér og snætt af.

Forsvarsfólk UMFÍ og UMSK fundaði margoft með markaðssviði Krónunnar í undirbúningi hlaupsins og gerði það upp að lokum. Drulluhlaupið fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum, útvarpað var beint frá því í hádegisfréttum RÚV auk þess sem sýnt var innslag frá hlaupinu með viðtölum við þátttakendur í kvöldfréttatíma RÚV. Þátttakendur voru jafnframt afar ánægðir og má með sanni segja að viðburðurinn hafi markað mörg ný spor í viðburðahaldi UMFÍ. Sömu sögu má jafnframt segja um fleiri viðburði í Íþróttaveislu UMFÍ.




## HUNDAHLAUP UMFÍ OG NON-STOP DOGWEAR

Hundahlaup UMFÍ og Non-stop dogwear var haldið 25. ágúst á Seltjarnarnesi í samstarfi við UMSK og ungmennafélagið Gróttu. Boðið var upp á tvær vegalengdir: 5 km og 2 km. Í þessu hlaupi var áherslan á að fólk og hundar hlypu saman. Umgjörðin var litrík og fánar og merkingar sýnilegar.

Hundahlaupið var auglýst með sama hætti og Drulluhlaup BYKO en í talsvert minni mæli, þar sem ekki var stór styrktaraðili á bak við viðburðinn. Viðburðurinn fékk afar góða umfjöllun, bæði í aðdraganda og á eftir.

Dýrahjúkrunarfræðingurinn Kolbrún Arna Sigurðardóttir, skipuleggjandi viðburðarins með UMFÍ og UMSK, fór í nokkur viðtöl vegna hlaupsins, bæði á Bylgjunni og Rás 2. Fréttastofa Stöðvar 2 sýndi jafnframt beint frá því í kvöldfréttatíma sínum þegar ræst var í hlaupinu.

Þátttakan í hundahlaupinu var ljómandi góð, en um 200 einstaklingar þreyttu það með hundum sínum. Eftirtektarvert var að þátttakendur voru á ýmsum aldri og hlupu margir með fjölskyldum sínum og vinafólki. Þarna komu líka saman vanir hlauparar og aðrir sem alla jafna taka ekki þátt í viðburðum UMFÍ.

Afar mikil ánægja var með hlaupið, ekki síst í hópi hundaeigenda, enda hefur íþróttahreyfingin aldrei áður unnið með hundafélögum eða eigendum hunda að íþróttaviðburði áður.




## FORSETAHLAUP UMFÍ

Forsetahlaup UMFÍ var haldið á Álftanesi laugardaginn 3. september. Ásamt UMFÍ og UMSK komu hlaupahópar Stjörnunnar og Álftaness að verkefninu. Í boði voru tvær hlaupavegalengdir; ein míla og 5 km. Um var að ræða fjölskylduhlaup sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í. Hann hljóp báðar hlaupaleiðirnar. Upphaf og endir hlaupsins var við íþróttamiðstöðina á Álftanesi. Þar voru tjöld og drykkir fyrir alla þátttakendur.

Umgjörðin var mjög góð, litrík og skemmtileg og tóku tæplega 200 manns þátt í viðburðinum. Mikil ánægja var með Forsetahlaupið.




275
293
211


1270


START
MARK
239
273
228
274


1321


ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ
100
85








1386
1390






UMFÍ
1334



















# LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram í Borgarnesi dagana 24.–26. júní. Þetta var 10. skiptið sem mótið er haldið, en það fyrsta var haldið árið 2011. UMSB og sveitarfélagið Borgarbyggð voru mótshaldarar ásamt UMFÍ.

Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ, var sem fyrri ár framkvæmdastjóri mótsins í Borgarnesi. Ekki var ráðinn sérstakur verkefnastjóri. Sigga Dóra Belluoggeiradóttir, Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir og Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjórar UMSB, komu verulega að undirbúningi og framkvæmd mótsins.

Framkvæmdanefnd mótsins vann ötullega að undirbúningi, sérstaklega var Flemming Jessen, formaður nefndarinnar, afar ötull. Eins og ævinlega kom starfsfólk UMFÍ að mörgum þáttum í undirbúningi og framkvæmd Landsmóts UMFÍ 50+ í Borgarnesi.

Heildarfjöldi þátttakenda var 216, sem var töluvert undir væntingum sem lagt var upp með. Mótið var sett á föstudagskvöldi og fór setningin fram í Hjálmakletti. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti mótið. Setningin var með hefðbundnu sniði, með fánahyllingu og tónlistaratriði. Að henni lokinni var öllum gestum boðið upp á kaffi og léttar veitingar í glæsilegu húsnæði skólans. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var viðstaddur mótssetninguna og hélt hann fjörlegt en áhrifaríkt ávarp með áherslu á mikilvægi forvirkra aðgerða fyrir lýðheilsu.

### ALDURSSKIPTING ÞÁTTTAKENDA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 50-59 ára | 50 | 70-79 ára | 86 |
| 60-69 ára | 47 | +80 ára | 33 |

Töluvert var lagt í kynningarmál fyrir mótið og voru auglýsingar sýnilegar víða. Fjallað var um mótið í Skinfaxa og auglýsingar keyptar í ýmsum miðlum á landsvísu.

Í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ var gefið út sérstakt mótsblað sem innihélt helstu upplýsingar um mótið en var öðru fremur birtingaleið fyrir bakhjarla mótsins. Meginuppistaða blaðsins er því auglýsingar, styrktarlínur og ýmislegt tengt bakhjörlum.

Skipulag mótsins var nokkuð hefðbundið. Þjónustumiðstöð var opnuð degi fyrir mót og var opin alla mótsdagana. Þar fengu þátttakendur mótsgögn. Mótið hófst á föstudegi, setningarathöfn var síðar um kvöldið en matar- og skemmtikvöld var í Hjálmakletti á laugardagskvöldinu og lék hljómsveit fyrir dansi. Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMFÍ, sleit mótinu um miðjan dag sunnudaginn 26. júní.

### HEILDARFJÖLDI ÞÁTTTAKENDA 2012-2022

| | | |
|---|---|---|
| 2022 | Borgarnesi | 216 |
| 2021 | Borgarnesi | Frestað |
| 2020 | Borgarnesi | Frestað |
| 2019 | Neskaupstaður | 266 |
| 2018 | hluti af landsmóti Sauðárkr. | |
| 2017 | Hveragerði | 529 |
| 2016 | Ísafjörður | 256 |
| 2015 | Blönduós | 369 |
| 2014 | Húsavík | 293 |
| 2013 | Vík í Mýrdal | 248 |
| 2012 | Mosfellsbær | 351 |

## KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar á mótinu voru: botsía, bridds, frjálsar íþróttir, golf, göngufótbolti, götuhlaup, körfubolti, pútt, ringó, skák, stígvélakast og sund. Allar greinar gengu vel fyrir sig að undanskildum göngufótboltanum. Þar fóru þátttakendur nokkuð fram úr sér og slösuðust nokkrir, þar á meðal Guðlaugur Þór Þórsson, þá utanríkisráðherra, og fleiri.

## STYRKTARAÐILAR

Helstu styrktaraðilar Landsmóts UMFÍ 50+ voru Arion banki, Límtré Vírnet, N1, Steypustöðin og Sjóvá.

**216**
þátttakendur 59% karlar
41% konur


UMSB










KOLSKI






UNGT FÓLK og LÝÐRÆÐI
UNGMENNARÁÐSTEFNA UMFÍ
Láttu drauminn rætast













# UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað níu fulltrúum á aldrinum 16 – 25 ára með tilliti til jafnar aldursdreifingar, kyns og búsetu. Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn eftir hvert Sambandsþing UMFÍ.

## UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í Héraðsskólanum á Laugarvatni dagana 9.–11. september. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Láttu drauminn rætast! Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16–25 ára og komu þau af öllu landinu. Auk ungmenna tók starfsfólk ungmennaráða þátt og ýmsir þingmenn og stjórnendur fyrirtækja. Um 80 manns tóku þátt í ráðstefnunni.

Markmið ráðstefnunnar er að efla lýðræðisþátttöku ungs fólks í leik og starfi og að einstaklingar geti styrkt sjálfsmynd sína og tekið upplýsingar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Markmiðið er jafnframt að gleðja sig og aðra og taka þátt. Þátttakendur fá ýmis tækifæri og þjálfun til þess að bæta líf sitt og hafa aukin áhrif á umhverfi sitt.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda af ráðstefnunni, sem hefur verið haldin árlega frá 2009, fyrir utan árið 2021. Ráðstefnan hefur fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi.

Ráðstefnan var styrkt af Erasmus+. Fulltrúi þess mætti á viðburðinn og lagði mat á hann. Að mati fulltrúans fór allt vel fram og var hann yfir sig hrifinn.

Dagskrá ráðstefnunnar var afar fjölbreytt og innihélt m.a. mikið hópefli og samveru, kynningar með mögnuðum fróðleik, uppörvandi og hvetjandi málstofur, varðeld og alls konar skemmtilegheit.

## MAGNAÐUR FRÓÐLEIKUR

Anna Steinsen frá KVAN hélt erindi um einkenni jákvæðra og neikvæðra leiðtoga. Bjartur Guðmundsson, leikari og yfirpeppari, kenndi þátttakendum að komast í topp tilfinningalegt ástand með jákvæðni að leiðarljósi. Að auki stýrði Bjartur málstofu um framkomu og samskipti og árangursríkustu leiðirnar til að byggja upp ræður og koma fram af öryggi til að fanga athygli áhorfenda.

Sema Erla Serdar, aðjúnkt í tómstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands og fyrrverandi framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins, stýrði málstofu sem fékk þátttakendur til að velta því fyrir sér hvernig hægt væri að stuðla að aukinni þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í íþróttastarfi, hvernig bregðast ætti við fordómum og fleira í þeim dúr. Málstofan þótti afar gagnleg.

Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, Sveinn Ægir Birgisson, bæjarfulltrúi Árborgar, og Eiður Andri Guðlausson íþróttafræðingur deildu síðan sögum af því hvernig þau höfðu náð árangri.

Ráðstefnugestir tóku virkan þátt í öllum málstofunum.

**92%**
þátttakenda fannst dagskrá ráðstefnunnar góð eða mjög góð

**92%**
þátttakenda sögðust hafa lært eitthvað nýtt á ráðstefnunni

**95%**
þátttakenda myndu mæla með ráðstefnunni við aðra

## KAFFIHÚSASPJALL MEÐ RÁÐAFÓLKI

Á sunnudeginum fór fram kaffihúsaspjall þar sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að ræða við þingmenn og stjórnendur fyrirtækja á jafningjagrundvelli. Jafnframt fengu gestirnir tækifæri til þess að heyra raddir og skoðanir ungmenna.

Gestirnir voru:

- Orri Páll Jóhannsson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.
- Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata.
- Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.
- Brynja Dan Gunnarsdóttir, varaþingmaður Framsóknarflokksins og bæjarfulltrúi í Garðabæ.
- Diljá Mist Einarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.
- Jana Katrín Knútsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.
- Hallur Jónasson, viðskiptastjóri og meðeigandi Sahara.
- Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Marel á Íslandi.
- Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ.
- Málfríður Sigurhansdóttir, skrifstofustjóri Fjölnis og fulltrúi í stjórn UMFÍ.

## SKEMMTIFOLFMÓT

Föstudaginn 24. júní stóð Ungmennaráð UMFÍ fyrir svokölluðu Skemmtifolfmóti fyrir ungt fólk á aldrinum 15–25 ára. Mótið fór fram í Guðmundarlundi í Kópavogi. Viðburðurinn tókst afar vel og var þátttaka góð. Að loknu móti var grillað og áttu þátttakendur saman góða stund. Ungmennaráðið stefnir á að standa fyrir fleiri svipuðum viðburðum í framtíðinni.

„Það var skemmtilegt hvað það var góð mæting og hvað það var góð stemning. Sjálfum fannst mér gaman að sjá hvað allir voru ánægðir með mótið. Ég held að það verði bara stærra á næsta ári.."

Kolbeinn Þorsteinsson,
samfélagsmiðlastjóri
Ungmennaráðs UMFÍ











# VINAÞJÓÐIR DEILA ÞEKKINGU

Um 40 manna hópur fulltrúa úr íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni fór í heimsókn til íþróttahéraðsins Viken í Ósló í Noregi dagana 23.–27. mars 2022.



## SMÁ FORSAGA

Norsku íþróttasamtökin (NOC) sameinuðu íþróttahéruð landsins fyrir nokkru og jókst við það samstarf á milli félaganna. Yfirbygging samtakanna minnkaði og skilvirkni jókst til muna. Í dag eru norsku íþróttahéruðin ellefu, jafn mörg og fylkin í landinu. Viken er eitt þessara nýju íþróttahéraða og jafnframt það stærsta í Noregi.

## TILGANGUR FERÐARINNAR

Tilgangur ferðarinnar var þríþættur og fólst í að læra af Norðmönnum:

1. Norðmenn hafa lyft grettistaki í bættu öryggi og vernd iðkenda hjá íþróttafélögum. Stjórnendur íþróttahéraðsins hafa þróað verkfæri til að fylgja betur eftir verkefnum um öryggi og vernd iðkenda. Verkfærið gerir starfsfólki félaganna betur kleift að fylgjast með, bregðast við og fylgja eftir málum þar sem grunur leikur á um mögulegt brot eða vafasamt atferli.
2. Stjórnendur Viken hafa aukið umtalsvert þátttöku ýmissa jaðarhópa í öllu sínu starfi, sérstaklega ungs fólks með ólíkar þarfir. Fatlaðir iðkendur eru sýnilegri í öllu starfi samtakanna og hefur það áhrif á þátttöku ungs fólks með fötlun.
3. Stjórnendur Viken höfðu áhuga á að læra af UMFÍ. Norðmenn vildu kynna sér fyrirkomulag frístundastyrkja sveitarfélaga og árangur þeirra. Síðast en ekki síst höfðu Norðmenn áhuga á að heyra um starf og starfsemi UMFÍ.

Ferðin var styrkt af Erasmus+.

## ÁHRIF FERÐARINNAR Á UNGMENNAFÉLAGS-HREYFINGUNA

Heimsóknin hafði ákveðin margfeldisáhrif.

UMFÍ er sífellt að leita nýrra og áhrifaríkra leiða til að mæta kröfum samfélagsins, auka vernd og öryggi iðkenda sem og að skapa tækifæri fyrir alla til þátttöku.

Markhópur þessa verkefnis var fyrst og fremst ungt fólk; ungt fólk í viðkvæmri stöðu eða ungt fólk sem er í hættu á að lenda í viðkvæmri stöðu. Ungmenni með fötlun eru jaðarsettari en önnur ungmenni, sem dæmi þau sem koma frá efnaminni fjölskyldum. UMFÍ veit að þau verkfæri sem Viken býr yfir og þátttakendur fengu að kynnast munu nýtast vel í starfi og auka færni og þekkingu starfsmanna til að bregðast við hvers konar áskorunum er varða vernd og öryggi iðkenda.

Viken telur að með tilkomu frístundastyrkja í sveitarfélögum í Noregi megi auka þátttöku efnaminni ungmenna í skipulögðu tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Margfeldisáhrifin eru umtalsverð, þar sem þátttakendur verkefnisins gegna lykilhlutverki í samfélagi sínu og geta flutt nýja þekkingu til síns íþróttahéraðs.

Þátttakendur eru allir í lykilhlutverki í samfélagi sínu og draga vagninn oftar en ekki þegar kemur að starfi með ungu fólki. Þessir einstaklingar reyna að mæta þörfum allra hópa samfélagsins sem þeir búa í en oftar en ekki með bágan fjárhag. Því

er mikilvægt fyrir einstaklingana að taka þátt í verkefni sem þessu til að eflast í starfi og fá ný verkfæri og læra aðferðir til að takast á við áskoranir í starfi.

Verkefni sem þetta eykur líka líkurnar á frekari samstarfi milli landanna og/eða með öðrum Evrópuþjóðum.



### Dæmi um svör þátttakenda upp úr könnun við lok ferðar

- 97% þátttakenda fannst ferðin góð eða mjög góð.
- 97% þátttakenda lærðu eitthvað nýtt í ferðinni.
- 100% þátttakenda finnst að UMFÍ eigi að halda áfram að skipuleggja ferðir með sambandsaðilum sínum.



### Dæmi um svör þátttakenda við spurningunni: Hvaða lærdóm tekur þú með þér úr ferðinni?

- Nálgun við jarðarhópa.
- Áhrif menningarmunar á þátttöku í íþróttum.
- Að það er ýmislegt sem við erum betri í en Norðmenn.
- Fjölbreytileiki og samstarf.
- Þátttaka þarf að fara fram á réttum forsendum.



### Dæmi um svör þátttakenda við spurningunni: Hverju heldurðu að þessi ferð skili félaginu þínu?

- Hugmyndir að nálgun jaðarhópa.
- Betri sýn á skiptingu verkefna í hreyfingunni.
- Aukin tækifæri/verkfæri til þess að efla starf og ná til fjölbreyttari hópa.
- Aukin þekking og samvinna við önnur íþróttahéruð.
- Betri sýn á uppbyggingu þátta sem eru ekki til staðar í starfinu.



# SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ ÍSÍ

## AUKIN ÞÁTTTAKA Í SKIPULÖGÐU STARFI

Í september 2021 auglýstu UMFÍ og ÍSÍ eftir umsóknum um styrki frá íþróttahéruðum, sérsamböndum og íþrótta- og ungmennafélögum landsins til að fara af stað með verkefni til að hvetja börn og ungmenni af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Alls bárust níu umsóknir.

Þau félög sem hlutu styrk eru:

- **Dansfélagið Bíldshöfða** fyrir aukna danskennslu barna og ungmenna af erlendum uppruna í samstarfi við frístundaheimili í Efra-Breiðholti.
- **Héraðssamband Vestfirðinga** (HSV) fyrir kynningu á starfsemi félagsins á vordögum grunnskóla með aðstoð túlka, þýðingu á stundatöflum og tékklistum fyrir foreldra barna af erlendum uppruna.
- **Sunddeild KR** fyrir að bjóða upp á sérstakt sundnámskeið fyrir börn og ungmenni af erlendum uppruna.
- **Skautafélag Akureyrar** fyrir gerð auglýsingar fyrir samfélagsmiðla þar sem iðkendur félagsins af erlendum uppruna hvetja önnur börn af erlendum uppruna til þátttöku í íþróttum.

Hver styrkur nam 250.000 þúsund krónum og átti verkefnið að fara fram veturinn 2021–2022.

## MÁLÞING UM AUKNA ÞÁTTTÖKU FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA

Miðvikudaginn 25. maí stóðu UMFÍ og ÍSÍ fyrir málþinginu: Vertu með! Aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Eins og yfirskriftin bar með sér var umfjöllunarefnið leiðir til að ná betur til fólks af erlendum uppruna og fjölga iðkendum af erlendu bergi brotið í skipulögðu íþróttastarfi. Dagskráin stóð frá klukkan 09:00 til 12:00.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, opnaði málþingið. Því næst flutti Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu, erindi um þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum. Jóhannes Guðlaugsson, verkefnastjóri í þjónustumiðstöð Breiðholts, flutti erindi um samtal og samvinnu og mikilvægi þess að taka samtalið við börn, unglinga og fullorðna um viðfangsefni þeirra og virkni.

Eftir stutt kaffihlé flutti Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmenningarmála í Reykjanesbæ, kynningu á verkefninu Allir með í Reykjanesbæ. Þar á eftir kynntu styrkþegar UMFÍ og ÍSÍ sín verkefni og sögðu stuttlega frá stöðu þeirra og framgangi. Þar á eftir kynnti Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins, nýja fjölmenningarverkfærakistu Æskulýðsvettvangsins. Fundarstjóri var Markús Máni Michaelsson Maute, stofnandi Sportabler.

Málþinginu var streymt og því er hægt að horfa á það hvenær sem er.

### Dæmi um svör þátttakenda um verkfæri og/eða hugmynd sem viðkomandi tók með sér heim:

- Stuðla að aukinni vitneskju meðal ábyrgðaraðila í starfinu.
- Það að spegla hvað aðrir eru að gera er innblástur til frekari verka.
- Mikilvægi þess að hafa skýra aðgerðaráætlun.
- Sýnileiki fjölbreytileikans.
- Samtal og samvinna skilar alltaf betri árangri.

### Dæmi um svör um næstu skref hjá þátttakendum:

- Auka samstarf við bæjarfélagið mitt um aukna þátttöku.
- Taka samtalið og huga að inngildingu.
- Koma málefninu áfram.
- Naflaskoðun: hvað er mitt félag að gera og hvað eigum við að gera næst?
- Kalla saman alla aðila sem starfa með börnum og ungmennum.
- Áfram gakk og gera enn betur!

# HEFUR BARNIÐ ÞITT FUNDIÐ SÍNA ÍÞRÓTT?

UMFÍ og ÍSÍ unnu saman að gerð auglýsingar sem hefur það markmið að kynna fjölbreytileika íþróttastarfs hér á landi undir slagorðinu „Hefur barnið þitt fundið sína íþrótt?“.

Myndbandið er textað á ensku og pólsku. Framleiðslufyrirtækið Falcor sá um alla myndvinnslu og hönnun.



# SÝNUM KARAKTER OG 5C'S

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni UMFÍ og ÍSÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum.

Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda með sama máta og líkamlega færni. Verkefnið hóf göngu sína árið 2016.

Á árinu hefur áfram verið unnið að verkefninu 5C's sem hlaut styrk frá Erasmus+ 2021. Að verkefninu standa ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík, Knattspyrnusamband Íslands, Fimleikasamband Íslands og Loughborough-háskóli á Englandi.



# BETRA FÉLAG

Betra félag er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Verkefnið felur í sér undirbúning á heimasíðu sem ætlað er að vera þjónustu- og upplýsingavefur fyrir starfsemi íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar.

Markmiðið með síðunni er að svara ákalli frá grasrótinni um aðgengi að hagnýtum upplýsingum og ferlum verðandi starfsemi og rekstur íþróttahéraða og félaga á einum stað. Áætlað er að vefsíðan verði tilbúin í upphafi næsta árs.



„Við verðum að geta gripið inn í, tengt saman sveitarfélög og aðra ólíka þætti. Vonandi munum við öll læra. Við þurfum að sækja fram.“

Ásmundur Einar Daðason,
mennta- og barnamálaráðherra



# ÖNNUR SAMSTARFSVERKEFNI

## VÍKINGAMÓTARÖÐIN

UMFÍ hefur unnið talsvert með fyrirtækinu Meðbyr síðastliðin tvö ár. Samstarfið hófst sumarið 2020 með stuðningi við Víkingamótaröðina sem Meðbyr skipulagði.

Víkingamótaröðin samanstendur af fjórum stuttum viðburðum. Þetta eru hjólaviðburðirnir KIA Gullhringurinn (á Selfossi) og Landsnet MTB (á Hellisheiði) og hlaupaviðburðirnir Salomon Hengill Ultra (Hveragerði og Hengillinn á Hellisheiði) og Eldslóðin (Garðabær). Viðburðirnir fara allir fram á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu og í samstarfi við ungmennafélög á hverjum stað. Kjörorð mótaraðarinnar ríma við stefnu UMFÍ. Þau eru: Allir keppa, allir vinna og allir velkomnir. Gildi mótaraðarinnar er jafnframt: Vinátta, virðing og keppni.

UMFÍ hélt utan um árangur þeirra sem þátt tóku í öllum mótunum árið 2020 og er stefnt á að svo verði áfram. COVID-faraldurinn olli því að afhending viðurkenninga dróst.

Samstarfið leiddi til þess að Þórir Erlingsson, framkvæmdastjóri viðburðafyrirtækisins Tailwind, systurfélags Meðbyrs, gerðist verkefnastjóri og ráðgjafi á vegum UMSK við Íþróttaveislu UMFÍ. Starfsmenn Víkingamótaraðarinnar komu því að framkvæmd viðburða Íþróttaveislunnar.

## FORVARNARDAGURINN

Á deginum var sjónum beint að vernandi þáttum og áskorunum í lífi barna og ungmenna og rætt um þá þætti sem geta haf áhrif á andlega líðan þeirra, svo sem áhrif koffíndrykkja, nikótínpúða, svefn og fleira.

Forvarnadagurinn er haldinn árlega í október. Í ár fór hann fram 5. október. Í tilefni dagsins var efnt til lítils málþings í Austurbæjarskóla að morgni dagsins. Skólastjórinn Kristín Jóhannsdóttir bauð gesti velkomna. Þeir voru m.a. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Alma Möller landlæknir og fulltrúar annarra sem að Forvarnardeginum koma. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sátu málþingi fyrir hönd ungmennafélagshreyfingarinnar. Á málþinginu kynnti Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknum og greiningu upplýsingar um áskoranir í lífi barna og ungmenna, fjallaði um íslenska forvarnarmódelið og árangur þess í gegnum árin. Eftir hádegið sama dag fór forseti Íslands í heimsókn í Tækniskólann, ræddi við nemendur af ýmsum þjóðernum og kynnti sér starf skólans.

Að Forvarnardeginum standa Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem sér um verkefnastjórn.

## GRUNNSKÓLAMÓT Í BLAKI

Blaksamband Íslands stendur að Grunnskólamóti í blaki í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ og Evrópusambandið (ESB).

Mótið fór í fyrsta sinn fram í október 2021 og aftur á sama tíma árið 2022. Verkefnastjóri er Rósborg Halldórsdóttir. Í ár taka 15 sveitarfélög þátt borið saman við 10 í fyrra.

### Mót fóru fram á þessum stöðum:

- Mosfellsbær
- Akranes
- Selfoss
- Reykjavík
- Garðabær
- Reyðarfjörður
- Höfn
- Kópavogur
- Ísafjörður
- Grundarfjörður
- Húsavík
- Akureyri
- Siglufjörður
- Hvammstangi
- Keflavík

### Blakmótið í hnotskurn:

- Haldið í knattspyrnuhúsum um allt land.
- Þátttakendur eru grunnskólanemendur á aldrinum 9–11 ára (í 4.–6. bekk).
- Gert er ráð fyrir 800–1.000 nemendum á hvern viðburð.

## SLÖBBUM SAMAN

Slöbbum saman er nýtt samstarfsverkefni UMFÍ, ÍSÍ, Embættis landlæknis og Sýnar sem fram fór í janúar 2022.

Markmið verkefnisins var átak til að hvetja fólk til hreyfingar. Þar sem færðin og veðrið er ekki alltaf ákjósanlegt í janúar var ákveðið að hafa húmorinn með og hvetja fólk til þess að slabba saman, labba í slabbi og vera í slabbi. Verkefnið stóð yfir frá 15. janúar til 15. febrúar.

Fjallað var um verkefnið á öllum miðlum Sýnar, á visir.is, Bylgjunni og tengdum útvarps- og sjónvarpsstöðvum.

Verkefnið var í samstarfi við VÍS, MS, Nettó og Klaka.

## HRAUST Í HAUST

Hraust í haust er samstarfsverkefni sem fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækið Sýn á hugmyndina að. Verkefnið var unnið í samstarfi við FM957 og netmiðilinn visir.is og stóð yfir í hálfan mánuð, frá 19. september til 3. október. Fleiri fyrirtæki tóku þátt í verkefninu, m.a. World Class.

Verkefnið fólst í því að dagskrárgerðarfólk á FM957 tók virkan þátt í lífsstílsáskorun og fengu hlustendur að fylgjast með. Hlustendur voru jafnframt hvattir til að skrá sig til þátttöku á Facebook og merkja vin. Nöfn hlustenda fóru í pott og gátu þeir hlotið hlustendaverðlaun þar sem áhersla var lögð á samstarfsaðilana.

Leikurinn var kynntur á visir.is í formi auglýsinga og samstarfsgreina. UMFÍ fékk á móti auglýsingainneign á visir.is og í útvarpsstöðvum Sýnar.

UMFÍ gafst kostur á að koma málefnum sínum á framfæri á Sýn á sama tíma. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK, fór í viðtal á FM 957 og ræddi um lýðheilsu. Verkefni sem þessi hafa greitt leið UMFÍ í fjölmiðla.

## DAGUR SJÁLFBOÐALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliða er 5. desember ár hvert. Sjálfboðaliðastörf hafa verið uppistaðan í öllu starfi UMFÍ í 115 ár, frá því að ungmennafélagshreyfingin var stofnuð árið 1907.

Sjálfboðaliðar vinna gríðarlega mikilvægt starf víða í samfélaginu og gætu íþróttafélög varla starfað án framlags fólks sem gefur vinnu sína.

Sjálfboðaliðar eru hlutfallslega fleiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og gera þeir margt að veruleika sem annars myndi aldrei líta dagsins ljós.

Ætla má að 32% Íslendinga 18 ára og eldri taki þátt í sjálfboðaliðastarfi á hverju ári. Langflestir eru sjálfboðaliðarnir innan íþróttahreyfingarinnar, eða 27.000 talsins.

Ávinningurinn sem skapast af starfi þeirra kemur fram í jákvæðum áhrifum á börn og unglinga og fyrirbyggjandi atriðum sem tengjast heilsu og sjúkdómum, að því er fram kemur í nýlegri bók dr. Ágústs Einarssonar, Íþróttir hérlendis í alþjóðlegu samhengi.

UMFÍ fagnar deginum ár hvert með greinaskrifum og þakkar sjálfboðaliðum fyrir framlag þeirra.

## DAGUR GEGN EINELTI

Dagurinn 8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu.

UMFÍ nýtir daginn til þess að vekja athygli á þessu samfélagsmeini sem og að kynna og segja frá viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins gegn einelti.

Sú hefð hefur skapast að veita Hvatningarverðlaun í tilefni dagsins þeim einstaklingi sem talinn er haft lagt mikið af mörkum til að gera samfélagið betra. Handhafi verðlaunanna 2021 var Guðríður Aadnegard, umsjónarkennari og námsráðgjafi við Gunnskóla Hveragerðis. Guðríður er jafnframt formaður Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK).

# GETSPÁ – GETRAUNIR – MIKILVÆGIR BAKHJARLAR

Árið 2021 var afar gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá. Arðgreiðslur til eigenda námu 2,7 milljörðum króna og hafa aldrei verið hærri. Eigendur eru þakklátir fyrir góðan rekstur og afkomu á þessum erfiðu tímum heimsfaraldurs. Eigendur eru jafnframt ánægðir með þá stefnumörkun sem farið var í árið 2013 um eflingu í nýrri og öflugri tækni.

Sú fjárfesting hefur svo sannarlega skilað sér en áfram skal haldið í þróun stafrænnar tækni. Með nýjustu tækni og sterku markaðsstarfi fara tæplega 70% af sölunni fram með netleiðum ýmiss konar. Hér er átt við netið, appið og áskrift í gegnum netið. Stjórn og starfsfólk Íslenskrar getspár hafa staðið þétt saman í rekstri og áherslum félagsins undanfarin ár og svo verður áfram.

Árið 2021 var einnig mjög gott hjá Íslenskum getraunum. Sala ársins 2021 var sú besta í sögu fyrirtækisins. Hlutverk og þýðing Íslenskra getrauna í fjármögnun fyrir íþrótta- og ungmennafélögin er afar mikilvæg. Stjórn samþykkti að auka verulega markaðsframlag til að styrkja enn frekar við íþróttafélögin í landinu. Gerðir hafa verið samstarfssamningar við Knattspyrnusamband Íslands, Handknattleikssamband Íslands og Körfuknattleikssamband Íslands á vettvangi sérsambanda. Þá voru gerðir mikilvægir samningar við Íslenskan Toppfótbolta (ÍTF) um Bestu deildina í kvenna- og karlaflokki og Lengjudeildina í kvenna- og karlaflokki. Þá voru gerðir samningar við félög í neðri deildum knattspyrnu, efstu deildum í handknattleik og efstu deildum í körfuknattleik, bæði karla og kvenna. Með þessu vilja Íslenskar getraunir hnykkja sérstaklega á stuðningshlutverki sínu fyrir íþróttahreyfinguna. Þetta er afar mikilvægt á þeim tímum þegar sjálfskipaðir verndarar hreyfingarinnar hvetja til þess að íslenskur veðmálamarkaður verði opnaður upp á gátt með hrikalegum samfélagslegum afleiðingum og minnkandi stuðningi við félögin í landinu.

Eigendur Getspár – Getrauna eru stærstu og öflugustu fjöldahreyfingar íslensks samfélags með hundruð þúsunda félagsmanna og iðkenda.

Lykilatriði til framtíðar fyrir fyrirtækin er að tryggja áframhaldandi stöðugleika í rekstri þeirra. Mikilvægt er að fjölga leikjum á næstu árum til að dreifa rekstraráhættu og sveiflujafna. Helsta ógn íslensks happdrættismarkaðar er erlend ólögleg spilun sem veltir á bilinu 20–25 milljörðum árlega. Yfirvöld happdrættismála hafa á undanförnum árum skorast undan að ræða stöðuna varðandi ólöglega erlenda spilun en vonir standa til að það breytist til batnaðar á næstu misserum. Að okkar mati er ekki hægt að gera neinar breytingar á íslenskum happdrættismarkaði án þess að loka á erlenda spilun. Þá er afar mikilvægt að fyrirtækin haldi áfram á þeirri vegferð að fjárfesta reglulega í tækninýjungum sem auðvelda aðgengi að neytendum og minnka rekstrarkostnað. Teknar hafa verið margar djarfar en vel heppnaðar ákvarðanir á þessum vettvangi á undanförnum árum og vonandi verður svo áfram.

Jóhann Steinar Ingimundarson er fulltrúi UMFÍ í stjórn Getspár og Auður Inga Þorsteinsdóttir er fulltrúi UMFÍ í stjórn Getrauna. Framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna er Stefán Konráðsson.

*Markmið UMFÍ er að efla og styrkja fjárhagslegan grunn sambandsaðila.*

# 2,7 milljarðar
Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila



# 293 milljónir
Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 19,6 milljóna króna
úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ



# 300 milljónir
Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila

# 40 milljónir
Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá beint til íþróttafélaga

# 13,33%
Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá
46,67% Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
40,00% Öryrkjabandalag Íslands



# LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

### I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

### III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

- Einn hlutur: Héraðssambönd.
- 30% af hlut: Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.
- 10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

### IV. Regla vegna íbúafjölda

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

### V. Regla vegna félagsmannafjölda

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

### VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

### VII. Nýir sambandsaðilar

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

### VIII. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

### Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

*Samþykkt á 51. Sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka árið 2019.*

## LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Ungmennasamband Kjalarnesþings **UMSK** | 87.813.468 | 71.031.494 |
| Héraðssambandið Skarphéðinn **HSK** | 30.440.896 | 24.370.400 |
| Ungmennafélagið Fjölnir **UMFF** | 25.757.679 | 19.088.686 |
| Keflavík íþrótta- og ungmennafélag **Keflavík** | 17.240.084 | 13.084.929 |
| Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands **UÍA** | 14.283.804 | 11.856.751 |
| Ungmennasamband Skagafjarðar **UMSS** | 9.307.892 | 7.472.881 |
| Héraðssamband Þingeyinga **HSÞ** | 8.927.378 | 7.645.823 |
| Héraðssamband Vestfirðinga **HSV** | 8.605.406 | 7.253.724 |
| Ungmennasamband Borgarfjarðar **UMSB** | 8.429.725 | 6.964.678 |
| Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu **HSH** | 8.282.714 | 6.798.367 |
| Ungmennasamband Eyjafjarðar **UMSE** | 7.961.465 | 6.483.933 |
| Ungmennafélag Njarðvíkur **UMFN** | 7.551.682 | 6.548.903 |
| Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar **UÍF** | 6.322.340 | 5.040.768 |
| Ungmennasambandið Úlfljótur **USÚ** | 6.322.340 | 5.265.414 |
| Ungmennasamband A-Húnavatnssýslu **USAH** | 5.795.479 | 4.688.073 |
| Ungmennasamband V-Húnavatnssýslu **USVH** | 4.975.915 | 4.137.436 |
| Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu **USVS** | 4.946.646 | 4.164.145 |
| Héraðssambandið Hrafna-Flóki **HHF** | 4.829.563 | 4.096.143 |
| Ungm.samband Dalamanna og N-Breiðfirðinga **UDN** | 4.768.619 | 3.948.019 |
| Héraðssamband Bolungavíkur **HSB** | 4.507.595 | 3.758.602 |
| Héraðssamband Strandamanna **HSS** | 4.449.052 | 3.714.277 |
| Ungmennafélag Grindavíkur **UMFG** | 3.922.191 | 3.160.613 |
| Ungmennafélag Akureyrar **UFA** | 2.605.039 | 2.104.234 |
| Ungmennafélagið Þróttur **UMÞ** | 2.458.687 | 1.965.201 |
| Ungmennafélag Kjalnesinga **UMFK** | 1.053.721 | 991.411 |
| Ungmennafélagið Skipaskagi **USK** | 673.212 | 544.575 |
| Ungmennafélagið Vesturhlíð **V** | 468.322 | 378.835 |
| **SAMTALS** | **292.700.914** | **236.558.315** |

**293 milljónir** 2021

**237 milljónir** 2020

**182 milljónir** 2019

**171 milljónir** 2018

**153 milljónir** 2017

## AUKAGREIÐSLA TIL SAMBANDSAÐILA

Íslensk getspá greiddi eigendum sínum 300 milljónir króna í aukagreiðslu vegna góðrar afkomu af lottóspili árið 2021. UMFÍ á 13,3% hlut í Íslenskri getspá og fékk í sinn hlut tæpar 40 milljónir króna. Upphæðin rann að langstærstum hluta til sambandsaðila UMFÍ og að hluta í Fræðslu- og verkefnasjóð, en hvoru tveggja styður við grasrótarstarf um allt land. Þetta var í annað sinn á jafn mörgum árum sem UMFÍ fékk svo háa aukagreiðslu vegna góðrar afkomu Íslenskrar getspár. Sambandsaðilar UMFÍ nutu að sjálfsögðu góðs af því þá eins og í ár.

Eigendur Íslenskrar getspár eru þrír. Það eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), sem á 46,67% hlut, og Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ), sem á 40%. UMFÍ á svo 13,33%.

# SJÓÐIR

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóður var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson, sem var formaður UMFÍ árin 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987.

Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina sjóðina og bera heiti þeirra beggja. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Tekjustofn sjóðsins er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Umsóknarfrestir í sjóðinn eru tveir á ári hverju, til 1. maí og 1. nóvember. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir.

Í sjóðsstjórn sitja Sigurður Óskar Jónsson formaður, Lárus B. Lárusson, sem situr í varastjórn UMFÍ, og Hallbera Eiríksdóttir, sem situr í varastjórn UMFÍ.

### ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til verkefna sem:

- eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags með fræðslu, fyrirlestrum og/eða námskeiðum
- stuðla að aukinni útbreiðslu og/eða stofnun félags eða deilda
- stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags
- eru til þess fallin að auka menntun þjálfara og dómara
- eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni

Á árinu gaf sjóðsstjórn út nýjar vinnureglur og matskvarða sjóðsins. Umsókn þarf að hljóta að lágmarki 50 stig til þess að vera metin styrkhæf. Sambandsaðilar eru hvattir til þess að kynna sér þessar nýju reglur á heimasíðu UMFÍ.

### ÚTHLUTANIR ÚR FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐI

| ÁR | VERKEFNI | UPPHÆÐ | |
|---|---|---|---|
| 2022 | 58 | 10.797.450 | (fyrri úthlutun) |
| 2021 | 217 | 19.590.825 | |
| 2020 | 272 | 20.238.788 | |
| 2019 | 206 | 16.832.000 | |
| 2018 | 199 | 16.214.250 | |
| 2017 | 152 | 14.699.500 | |
| 2016 | 134 | 14.149.000 | |

## UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979–1993. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma og UMFÍ. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratugaskeið, var formaður íþróttanefndar Ungmennasambands Austur-Húnvetninga (USAH), sat í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár, í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum. Pálmi lést af slysförum árið 2001.

Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að um umhverfisverkefni sé að ræða sem sótt er um.

**20 milljónir**

Úthlutanir úr fræðslu- og verkefnasjóði árið 2021

## ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUN

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

### ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI

| ÁR | VERKEFNI | UPPHÆÐ |
|---|---:|---:|
| 2022 | 2 | 675.000 |
| 2021 | 10 | 730.000 |
| 2020 | 8 | 1.050.000 |
| 2019 | 8 | 1.050.000 |
| 2018 | 5 | 1.050.000 |
| 2017 | 8 | 950.000 |
| 2016 | 10 | 1.050.000 |

## LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmiðið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýju tungumáli og menningu og auka færni sína og þekkingu á völdu sviði með óformlegu námi.

Heimsfaraldur kórónuveiruveirunnar hafði töluverð áhrif á skólaárið 2021–2022. Færri umsóknir bárust til UMFÍ en oft áður. Alls veitti UMFÍ um tvær milljónir króna í styrki til um þrjátíu ungmenna.

„Á þessum tveimur mánuðum hef ég lært meira en ég bjóst við að gera á öllum tímanum mínum. Á hverjum degi er ný áskorun, það er alltaf eitthvað nýtt sem ýtir mér út fyrir þægindarammann."

Andrea Þorvaldsdóttir sem fór í Idrætshøjskolen Aarhus













ALEX LEVÍ



# VERK LAG

# STAÐA UMFÍ SEM VÖRUMERKI

## ÍMYNDARVÍSITALA BRANDR

Vörumerkjastofan Brandr gerði í mars og apríl tvær kannanir á stöðu UMFÍ sem vörumerkis. Markmiðið var að kanna með ítarlegum hætti þekkingu og viðhorf fólks til UMFÍ og var spurt fjölmargra spurninga. Fyrri könnunin var gerð í mars innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Hún var keyrð á miðlum UMFÍ, í fréttabréfi, heimasíðu og fréttabréfi UMFÍ. Í apríl var könnunin send á sérstakan viðhorfahóp Brandr og leitað eftir því að kanna þekkingu og viðhorf fólks utan hreyfingarinnar.

Niðurstöðurnar birtust í fjórum skýrslum, tveimur úr hvorri könnun. Viðamesta skýrslan innihélt megindlegar niðurstöður. Þar var samanburður við meðaltal félaga/fyrirtækja á Íslandi og mögulega samanburðarhæf félög við UMFÍ, svo sem golfklúbba en líka fyrirtæki af ýmsum toga. Samanburðurinn gaf dýpri skilning á stöðu UMFÍ í hugum fólks. Til viðbótar var samanburður við hefðbundið B2C-meðaltal, en þar eru yfir 100 vörumerki úr gagnagrunni Brandr.

Meðfylgjandi í hinni skýrslunni í báðum könnunum voru ummæli svarenda. Þar voru tekin saman ýmis ummæli um UMFÍ, hrós, hvatning og fleira.

Nokkur munur var á svörum viðhorfahópanna og eðlilegt að fleiri þekktu til UMFÍ innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Sá hópur gaf jafnframt UMFÍ hærri einkunn í flestum þáttum.

### VIÐHORF INNAN UMFÍ

Ímyndarskor UMFÍ var tiltölulega hátt innan íþróttahreyfingarinnar í samanburði við önnur fyrirtæki/félög. Heildarvísitalan sem markaði þekkingu þátttakenda á UMFÍ var 73 af 100, sem er um og yfir meðaltali fyrir landið allt. Þar var það 70 stig. Viðhorfið var sérstaklega jákvætt þegar kom að „samfélagslegri ábyrgð“, þ.e. því hversu vel félagið sinnir nær samfélaginu.

Af einstökum verkefnum UMFÍ kom Unglingalandsmót UMFÍ áberandi best út, en 87% þeirra sem tóku könnunina þekktu mótið vel eða mjög vel. 84% áttu fjölskyldumeðlim sem tekið hefur þátt í mótinu. Þar á eftir kemur Hreyfivikan, um 60% þekktu Skinfaxa og Landsmót UMFÍ 50+ vel eða mjög vel. Íþróttaveisla UMFÍ kom verst út, en hún hafði ekki farið fram þegar könnunin var lögð fyrir.

Af lökustu niðurstöðum má nefna að UMFÍ þótti ekki nútímalegt og hafði orð á sér fyrir að vera „gamaldags“.

### VIÐHORF UTAN UMFÍ

Niðurstaðan var talsvert öðruvísi hjá viðhorfahópi Brandr. Skýringin er vissulega sú að þátttakendur í því mengi höfðu minni eða engin tengsl við UMFÍ. Skorið í heildarvísitölunni var 62. UMFÍ var almennt undir meðaltali á landsvísu.

Þjónusta UMFÍ er lítið þekkt í þessum viðhorfahópi og félagið þykir gamaldags. Unglingalandsmótið kom aftur langbest út ásamt Hreyfivikunni og Landsmóti UMFÍ 50+. Ungmennabúðirnar á Laugarvatni sóttu jafnframt í sig veðrið. Íþróttaveislan rak lestina.

### UMMÆLI UM UMFÍ

Í báðum könnununum gafst þátttakendum tækifæri á að skrifa niður hugleiðingar sínar. Þar eru fáir rauðir þræðir, einhverjir nefna að UMFÍ hafi misst tengsl og anda sem það hafði áður, einkum við landsbyggðina, og aðrir að sameina eigi ÍSÍ og UMFÍ. Mest er þó af hvatningu til að halda áfram góðu starfi, sérstaklega í fyrri könnuninni.

### LÆRDÓMUR

Ímynd UMFÍ er almennt ágæt. Innri markaðssetning virðist hafa tekist vel. Skoða má einstaka þætti, svo sem hvort sambandið sé of íhaldssamt eða hvort leggja verði meiri áherslu á vöru- og þjónustuframboð UMFÍ þar sem markmiðið er að þjónusta aðildarfélög og sambandsaðila. Meiri áhyggjur má hafa af ytri markaðssetningu, það er þekkingu almennings á UMFÍ – ef höfða á til almennings.

Fyrirhugað er að endurtaka könnunina á sama tíma að ári til samanburðar.

# STEFNUMÓTUNARÆFING SEM DREGUR FRAM SÝN STJÓRNENDA OG SKERPIR ÁHERSLUR

Í lok maí 2022 tók stjórn UMFÍ þátt í stefnumótunaræfingu Brandr. Þetta var lokaþróun á rafrænni vitund, sem á að draga upp mynd af því hvort stjórnendur og starfsfólk fyrirtækja/félaga stefni í sömu átt eða hvort þörf er á áherslubreytingum, til dæmis í innri markaðssetningu. Niðurstöður úr æfingunni eiga að kjarna sjálfsmynd vörumerkisins í hugum þátttakenda og er þeim skilað í formi leiðarljósa. Stjórnendur geta svo nýtt leiðarljósin til stefnumótunar eða til að sjá hvort breytinga er þörf.

Æfingin hefur verið gerð með spilum í gegnum tíðina. Brandr vinnur að gerð rafrænnar útgáfu og notar fólk síma sína í æfingunni. Ráðgjafar Brandr áttu frumkvæðið að því að bjóða stjórn UMFÍ að taka þátt í stefnumótunaræfingunni og var hún gerð í framhaldi af ímyndavísitölunni.

Stefnumótunaræfingin fór fram undir handleiðslu ráðgjafa Brandr á stjórnarfundi UMFÍ sem fulltrúar Ungmennaráðs UMFÍ sátu. Allir þátttakendur fengu jöfn tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri.

Eftir stefnumótunaræfinguna var útbúin skýrsla fyrir stjórn UMFÍ þar sem fram kom sýn þátttakenda á hvað UMFÍ er og hvert stjórnin vill að UMFÍ stefni.

Þátttakendur töldu UMFÍ vera sveigjanleg félagasamtök, horfa til framtíðar, opin og stolt. Þeir vildu hins vegar að UMFÍ verði leiðandi, framsækið og fyrir fjöldann.

**Hversu vel eða illa þekkir þú eftirtalin verkefni UMFÍ?**












# NÝTT STARFS-SKÝRSLUKERFI

Í september 2021 skrifaði forsvarsfólk UMFÍ og ÍSÍ undir samning við fulltrúa fyrirtækisins Abler um gerð á nýju rafrænu kerfi fyrir íþróttahreyfinguna. Í apríl 2022 var opnað fyrir skil á starfsskýrslum félaga í Sportabler. Viðhöfnin fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í beinu streymi.

Þeir aðilar í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni sem eru með Sportabler geta tengst kerfinu inni á sínu svæði í kerfinu. Þau félög sem ekki nota Sportabler geta tengst kerfinu á heimasíðu UMFÍ. Með nýja kerfinu er horft til þess að skýrsluskilin verði einfaldari og skilvirkari en áður. Skilakerfið nýja tekur við af kerfinu Felix, sem hefur verið notað frá árinu 2004.

„Það er von okkar að með nýju skýrsluskilakerfi fáum við tækifæri til að fá enn skýrari mynd um stöðu skipulags íþróttastarfs á landsvísu. Í nútíma samfélagi verðum við alltaf að vera á tánum. Landssamtök eins og ÍSÍ og UMFÍ verða að leiða lestina í tækniframförum. Með þær upplýsingar að vopni erum við í stöðu til að móta starfið enn betur og greina vísbendingar um það sem betur má fara á hverjum stað fyrir alla.“ – Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

*Íþróttastarfið er að skila gríðarlega miklu og við erum að hjálpa til við það sem skiptir máli*

Markús Máni M. Maute,
framkvæmdastjóri Abler

# 52. SAMBANDSÞING UMFÍ

52. sambandsþing UMFÍ fór fram á Húsavík dagana 15.–17. október 2021. Dagskrá þingsins var þétt en engin átakamál á borðum. Sérstakt gleðiefni var að þingið sóttu fulltrúar nýrra sambandsaðila UMFÍ. Þeir voru frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalagi Akraness (ÍA). Umsókn þeirra um aðild að UMFÍ var samþykkt á fyrra sambandsþingi árið 2019. Þingfulltrúar voru rúmlega hundrað.

Á meðal dagskrárliða voru málstofur um skipan íþróttahéraða, mótahald UMFÍ og rafíþróttir. Jóhann Steinar Ingimundarson, þá varaformaður UMFÍ, hélt erindi um stefnumótun UMFÍ sem staðið hafði yfir frá ársbyrjun. Hann sagði m.a. þar lagða áherslu á að UMFÍ hefði áhrif sem virkur þátttakandi í samfélaginu.

„Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra ásamt því að hvetja og styðja við bætta lýðheilsu landsmanna,“ sagði hann og lagði áherslu á að markmið nýrrar stefnu UMFÍ væri að bæta starf UMFÍ verulega, gera hreyfinguna samstilltari, viðbragðsfljótari og nútímalegri og að öflugra landssambandi sem hefði hagsmuni allra íþróttahéraða og félaga þeirra í forgrunni.

## NÝR FORMAÐUR UMFÍ

Haukur Valtýsson gaf ekki kost á sér áfram sem formaður UMFÍ. Hann hafði gegnt stöðunni frá árinu 2015. Jóhann Steinar Ingimundarson, þá varaformaður UMFÍ, var einn í framboði til formanns og var hann því sjálfkjörinn.

Haukur fór hlaðinn heiðursmerkjum úr stóli formanns. Jóhann Steinar sæmdi hann gullmerki UMFÍ og Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMFÍ og formaður Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK), veitti honum Heiðursskjöld UMSK auk þess sem Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti ÍSÍ og gestur sambandsþingsins, sæmdi Hauk gullmerki ÍSÍ.

## BREYTINGAR Á STJÓRN

Nokkrar breytingar urðu á stjórn UMFÍ. Málfríður Sigurhansdóttir, sem sat á þinginu fyrir hönd ÍBR, kom ný inn. Önnur í stjórn UMFÍ voru kosin þau Gunnar Þór Gestsson frá Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS), sem varð varaformaður UMFÍ; Ragnheiður Högnadóttir frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), sem varð formaður framkvæmdastjórnar; Guðmundur Sigurbergsson úr Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK), sem er gjaldkeri stjórnar; Gunnar Gunnarsson úr Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands (UÍA) og Sigurður Óskar Jónsson frá Ungmennasambandinu Úlfljóti (USÚ), sem er ritari stjórnar.

Í varastjórn voru kosin þau Hallbera Eiríksdóttir frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar (UMSB), Lárus B. Lárusson frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK), Gissur Jónsson frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK) og Guðmunda Ólafsdóttir frá Íþróttabandalagi Akraness (ÍA).

## HEIÐURSFÉLAGAR

Anna Ragnheiður Möller og Kristján Elvar Yngvason voru á þinginu gerð að heiðursfélögum UMFÍ og sæmd heiðursfélagakrossi. Þau hafa bæði starfað innan hreyfingarinnar í áratugi. Anna var m.a. formaður Stjörnunnar í Garðabæ, í stjórn Fimleikasambandsins og framkvæmdastjóri þess og sat í stjórn UMFÍ í tíu ár. Mývetningurinn Kristján hefur m.a. verið formaður Héraðssambands Þingeyinga og setið í mörgum nefndum UMFÍ, þar á meðal sem formaður fyrstu Unglingalandsmótsnefndarinnar og landsmótsnefndar á Húsavík árið 1987. Sama ár var hann kosinn í stjórn UMFÍ, þar sem hann sat í 14 ár.

Á þinginu voru líka hjónin Gunnhildur Hinriksdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson ásamt Jóhönnu S. Kristjánsdóttur sæmd gullmerki UMFÍ. Jóhanna er fyrrverandi formaður Héraðssambands Þingeyinga. Sigurbjörn var jafnframt forseti sambandsþingsins en Jóhanna varaforseti.

Haukur Valtýsson, þá formaður UMFÍ, sagði þau Sigurbjörn Árna og Gunnhildi kyndilbera ungmennafélagsandans.

„Mývetningarnir og hjónin Gunnhildur Hinriksdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson eru alltaf í sama liðinu. Þau eru fyrirmyndir íþróttafólks, kærustupara og hjónakorna og hafa alltaf haft íþróttir og heilbrigt líferni að leiðarljósi sínu,“ sagði hann.




## HVATNINGARVERÐLAUN

Þremur félögum voru veitt Hvatningarverðlaun UMFÍ.

Ungmennafélagið Njarðvík og Keflavík íþrótta- og ungmennafélag hlutu saman verðlaun fyrir sameiginlegt verkefni sem ætlað er að auka þátttöku barna með mismunandi stuðningsþarfir. Félögin buðu upp á sameiginlegt námskeið í knattspyrnu og körfuknattleik. Verkefni er meðal annars afrakstur af samfélagsverkefninu Allir með í Reykjanesbæ, þar sem stuðlað er að jöfnum tækifærum barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi.



Ungmennafélagið Fjölnir hlaut verðlaun fyrir verkefnið Áfram lestur. Verkefnið varð til hjá Barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar Fjölnis, þar sem komið var á legg lestrarátaki og iðkendur voru hvattir til að halda áfram að lesa bækur yfir sumartímann.

## MATMAÐUR SAMBANDSÞINGSINS

Ingvar Sverrisson, formaður UMFÍ, var útnefndur Matmaður sambandsþings UMFÍ á Húsavík. Guðríður Adnegaard, formaður HSK, tilkynnti á lokakvöldi þingsins að nefnd hefði fylgst með borðháttum fólks í matar- og kaffihléum og hefði Ingvar skorið sig úr.



„Hann reyndist sannur félagi, sótti brauð fyrir aðra þegar vantaði á borðið, tók líka vel til matar síns og gekk snyrtilega frá öllum áhöldum. Gott ef hann smurði ekki fyrir nokkra þingfulltrúa líka,“ sagði hún. Ingvar hlaut farandask að launum sem fer annað hvert ár til þeirra sem verðskulda nafnbótina matmaður sambandsþings UMFÍ.

Hefð hefur verið fyrir því síðan árið 1979 á þingum UMFÍ að velja matmann UMFÍ. Við valið er m.a. horft til framgöngu í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, stíls, borðsiða og fleiri þátta. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins og fyrrverandi matmanni.




UMFÍ


UMFÍ




UMFÍ





# STEFNUMÓTUN – HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Árið 2021 var unnin mikið og góð vinna við endurnýjun á stefnu UMFÍ. Nokkrar ástæður lágu að baki því að endurskoða stefnu hreyfingarinnar. Þær helstu er að fyrri stefna gilti til lok árs 2020, stækkun hreyfingarinnar með innkomu íþróttabandalaga 2019 og eldri stefna var ansi víðfeðm og erfitt að setja ákveðin atriði í forgang umfram önnur.

Ákveðið var að fara ekki í allsherjar endurskoðun á stefnu UMFÍ heldur var fyrri stefna sambandsins höfð til hliðsjónar en farið var í að skerpa á tilgangi og markmiðum UMFÍ, sem og að skerpa á framtíðarsýn hreyfingarinnar. Samhliða þessari vinnu var aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára sett fram.

Yfirskrift stefnunnar er „Horft til framtíðar – samfélaginu til góða“ og vísar hún til þess að gera skuli gott starf hreyfingarinnar enn betra, stuðla að sterkari einstaklingum, öflugri félögum og bættu samfélagi.

Afurð vinnunnar er uppfærð stefna sem byggir á fyrri stefnu sambandsins með skýrari fókus.

Uppbygging stefnunnar er á þá leið að hún byrjar á stuttum inngangi sem skýrir ferlið í kringum hana. Því næst kemur útskýring á UMFÍ og þar á eftir er texti um hlutverk, framtíðarsýn, gildi og slagorð UMFÍ.

## HLUTVERK

Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi. Hlutverk UMFÍ er að styrkja starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra ásamt því að hvetja og styðja við bætta lýðheilsu landsmanna.

## FRAMTÍÐARSÝN

Með stuðningi UMFÍ er starf sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra sterkara og öflugra, með áherslu á almenna þátttöku og lýðheilsu.

## GILDI

Gleði – Traust – Samvinna. Gildi UMFÍ endurspeglast í ungmennafélagsandanum, sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.

## SLAGORÐ

- Ræktun lýðs og lands
- UMFÍ, okkar hreyfing!

Í stefnunni eru fimm stefnuflokkar settir í fókus: Starfsemi, leiðir, verklag, mannauður og fjármál. Undir hverjum stefnuþætti er að finna mismörg markmið sem eru útfærð með aðgerðaáætlun. Sjónrænt vinnur UMFÍ með stefnuþættina sem hring sem tengist.

## STARFSÁÆTLUN MEÐ STEFNU

Stefnu UMFÍ fylgir starfsáætlun til næstu þriggja ára. Undir stefnuþáttunum fimm er að finna alls fjórtán markmið. Undir hverju markmiði er svo að finna mismargar áherslur, sem skiptast niður í nokkrar aðgerðir. Loks er að finna verkefni sem deilast niður á næstu þrjú ár.

Tölurnar eru eftirfarandi:

- 5 stefnuþættir
- 14 markmið
- 37 áherslur í starfinu
- 70 aðgerðir

*Gleði, traust og samvinna eru gildi UMFÍ. Þau endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.*

## BREYTT VINNULAG STJÓRNAR OG NEFNDA

Til þess að auðvelda yfirsýn og deilingu verkefna var ákveðið eftir Sambandsþing UMFÍ 2021 að endurskoða nefndir UMFÍ og skipan í þær. Ákveðið var að fækka nefndum og fulltrúum í hverri nefnd. Í dag eru starfandi tíu nefndir hjá UMFÍ og eru þær meira og minna skipaðar fulltrúum úr stjórn UMFÍ.

Í erindisbréfum nefnda kemur m.a. fram hvaða verkefnum nefndin hefur ábyrgð á gagnvart stefnunni – sem sagt hvaða verkefnum nefndin á að standa skil á og hvenær þeim á að vera lokið.

Á fundum stjórnar UMFÍ gerir formaður hverrar nefndar grein fyrir stöðu verkefna, hvernig þau ganga og hvar þau standa. Hægt er að fylgjast með framgangi og stöðu verkefna í fundargerðum stjórnar sem birtar eru á heimasíðu UMFÍ.

Í fundargerðunum er að finna tvær töflur. Annars vegar töflu um yfirlit verkefna, hvert verkefnið er, stöðuna á því, áætluð verklok og ábyrgðaraðila yfir því. Hins vegar er að finna töflu með yfirliti aðgerðaráætlunar. Hver verkþátturinn er, staðan á honum, áætluð verklok og hvaða nefnd ber ábyrgð á verkefninu. Á heimasíðu UMFÍ er að finna upplýsingar um nefndir UMFÍ, fulltrúa og erindisbréf.














# FUNDIR

## VORFUNDUR 2022

Vorfundur UMFÍ fór fram í Borgarnesi laugardaginn 30. apríl 2022. Fundurinn var vel sóttur af sambandsaðilum UMFÍ. Dagskrá var eftirfarandi.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti fundinn. Á eftir fylgdi erindi Ragnheiðar Högnadóttur og Sigurðar Óskars Jónssonar, sem sitja í stjórn UMFÍ, um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

Að því loknu ræddu Jóhann Steinar og Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður UMFÍ, um stöðuna á innleiðingu stefnumótunar UMFÍ.

Á eftir þeim kom Sólný Pálsdóttir, móðir drengs með Downs-heilkenni, með kröftugt og gott erindi um íþróttir fyrir alla og tækifæri fyrir alla iðkendur í íþróttastarfinu.

Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA og stjórnarmaður í UMFÍ, ræddi við fundargesti um pælingar um íþróttahéruð og stjórnarmennirnir Guðmundur G. Sigurbergsson og Lárus B. Lárusson fræddu fundargesti um sölu á þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík og hvað tæki við. Að lokum sögðu Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, og Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK, frá viðburðunum sumarsins.

## STJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 14 stjórnarfundir hjá stjórn UMFÍ á starfstímabilinu 2021–2022.

Fundirnir voru haldnir víða um landið sem og með fjarfundaformi. Staðfundir voru níu en fundir með fjarfundabúnaði samtals fimm.

## FUNDIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alls voru haldnir 16 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabilinu 2021–2022.

Allir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði fyrir utan einn fund sem var staðfundur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

# LÖG UMFÍ

## I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

### 1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

## II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ

### 3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættjörð.

## III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

### 4. grein

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

### 5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

### 6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

### 7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

### 8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

## IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

### 9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga.
- 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga.

Þingfulltrúar félaga með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn.
- Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ.

Aukaþing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

## 10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

  Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Aukasambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.

## 11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

## 12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

## V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

### 13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþrótta sé eins góð og kostur er.
- Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

## VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

### 14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

## VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

### 15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukaþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

## VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

### 16. grein

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

### 17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

*Samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ 2021 á Húsavík.*

# SKÝRIR VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

## VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Á árinu hefur farið fram mikil og góð vinna við að sameina viðbragðsáætlanir, eins og fram kemur í lögum um samskiptaráðgjafa nr. 45/2019, 5. Grein, 3. lið: „Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök.“

Eftirfarandi félög eiga fulltrúa í vinnuhópnum: Bandalag íslenskra skáta, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Kristilegt félag ungra manna og kvenna, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvangurinn.

Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður UMFÍ, situr í vinnuhópnum fyrir hönd UMFÍ.

Stefnt er að útgáfu áætlunarinnar seinna á árinu 2022.

## SIÐAREGLUR

Á stjórnarfundi 6. nóvember 2021 samþykkti stjórn UMFÍ að samræma siðareglur við siðareglur Æskulýðsvettvangsins.

Siðareglur UMFÍ eru nú því þær sömu og gilda fyrir Bandalag íslenskra skáta, KFUM og K á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Siðareglurnar má sjá á heimasíðu UMFÍ.

## SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt bæði Æskulýðs- og íþróttalögum er óheimilt að ráða til starfa hjá íþróttahreyfingunni og í öðru skipulögðu starfi einstaklinga sem hafa hlotið refsidóm vegna kynferðisbrota og annarra ofbeldisverka, auk ávana- og fíkniefnabrota.

Þetta gildir jafnt um þá einstaklinga sem starfa sem launþegar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. UMFÍ hefur heimild til að sækja gögn um viðkomandi vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3–5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota. Eyðublað fyrir aðildarfélög er að finna á heimasíðu UMFÍ. Eyðublaðið er líka til á ensku.

UMFÍ leggur áherslu á að vera nútímaleg, aðgengileg og leiðandi samtök í stöðugri framþróun. Samtökin bregðast við og laga sig að breyttum þörfum samfélagsins.



# VIRÐING FYRIR NÁTTÚRU UMHVERFI

## ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ og fellur undir skógræktarátak ungmennafélaganna. Þetta er 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastalundi.

Tryggvi Gunnarsson, þingmaður og bankastjóri, gaf landið Ungmennafélagi Íslands á 77 ára afmælisdegi sínum 18. október árið 1911. Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu á landinu. Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins. UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund.

## KOLEFNISJÖFNUN UNGLINGALANDSMÓTS

Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi var kolefnisjafnað. Í verkefninu fólst að gróðursettar voru tvær trjáplöntur fyrir hvern þátttakenda og gest á mótinu.

Gestum mótsins og þátttakendum var boðið að koma á golfvöllinn á Selfossi til að gróðursetja plönturnar. Önnur planta sem hver þátttakandi fékk táknaði viðkomandi en hin fjölskyldu viðkomandi. Nokkur þúsund plöntur voru gróðursettar á vellinum.

Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri hjá Skógræktinni, umsjónarmaður með kolefnisjöfnun Unglingalandsmótsins og sérgreinastjóri í hjólreiðum á mótinu, segir þá Björn B. Jónsson, fyrrverandi formann UMFÍ, hafa átt hugmyndina að verkefninu, sem byggðist á því að þeir töldu mikilvægt að kolefnisjafna alla bíla og viðhengi aftan í þeim sem kæmu á mót UMFÍ. Umhverfissjóður UMFÍ veitti styrk til kolefnisjöfnunarinnar og var verkefnið samstarf Skógræktarinnar, HSK, Golfklúbbs Selfoss og UMFÍ.


Ég er Sjálfboðaliði
UMFÍ



# MANNAUÐUR

# STJÓRN OG NEFNDIR 2021-2023

## STJÓRN

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar
- Gunnar Þór Gestsson varaformaður
- Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri
- Sigurður Óskar Jónsson ritari
- Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi
- Málfríður Sigurhansdóttir meðstjórnandi
- Hallbera Eiríksdóttir, varastjórn
- Lárus B. Lárusson, varastjórn
- Gissur Jónsson, varastjórn
- Guðmunda Ólafsdóttir, varastjórn

## FRAMKVÆMDASTJÓRN

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Jóhann Steinar Ingimundarson
- Guðmundur Sigurbergsson
- Gunnar Gunnarsson, varamaður

---

## NEFNDIR

### FJÁRHAGS- OG FASTEIGNANEFND

- Guðmundur Sigurbergsson, formaður
- Lárus B. Lárusson
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Guðríður Aadnegard
- Einar Haraldsson
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmaður nefndar

### VINNUHÓPUR UM ÍÞRÓTTA-HÉRUÐ OG LOTTÓREGLUR

- Gunnar Þór Gestsson, formaður
- Guðmundur Sigurbergsson
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Jóhanna Íris Ingólfsdóttir
- Dagný Finnbjörnsdóttir
- Frímann Ari Ferdinandsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

### LAGANEFND

- Kristján B. Thorlacius, formaður
- Þórir Haraldsson
- Ragnheiður Högnadóttir
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

### MÓTA- OG VIÐBURÐANEFND

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Málfríður Sigurhansdóttir
- Gissur Jónsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

### SJÓÐA- OG FRÆÐSLUNEFND

- Sigurður Óskar Jónsson, formaður
- Hallbera Eiríksdóttir
- Lárus Brynjar Lárusson
- Ragnheiður Högnadóttir, varamaður
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar
- Guðbirna Kristín Þórðardóttir, starfsmaður sjóða

### UNGMENNABÚÐANEFND

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Gissur Jónsson
- Hallbera Eiríksdóttir
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar
- Sigurður Guðmundsson, starfsmaður nefndar



## UNGMENNARÁÐ

- Embla Líf Hallsdóttir, formaður
- Betsý Ásta Stefánsdóttir
- Daði Þór Jóhannsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Halla Margrét Jónsdóttir
- Hrefna Dís Pálsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Mikael Jens Halldórsson
- Sara J. Geirsdóttir Waage
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar
- Málfríður Sigurhansdóttir, tengiliður við stjórn

## ÚTGÁFU- OG KYNNINGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
- Embla Líf Hallsóttir
- Jóhanna Íris Ingólfsdóttir
- Kristján Guðmundsson
- Sigurður Óskar Jónsson
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður nefndar

## UNGLINGALANDSMÓTSNEFND

- Þórir Haraldsson, formaður
- Bergur Guðmundsson
- Guðríður Aadnegard
- Helgi S. Haraldsson
- Guðmundur Jónasson
- Gissur Jónsson
- Gísli Halldórsson
- Bragi Bjarnason
- Ragnheiður Högnadóttir
- Elín Þórdís Pálsdóttir
- Skarphéðinn Steinn Sveinsson
- Engilbert Olgeirsson
- Guðrún Tryggvadóttir, verkefnastjóri
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

## LANDSMÓT 50+

- Flemming Jessen, formaður
- Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
- Kristján Gíslason
- Guðmunda Ólöf Jónasdóttir
- Hallbera Eiríksdóttir
- Sonja Lind E. Eyglóardóttir
- Þórdís Sigurðardóttir
- Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar




UMFÍ

# VIÐURKENNINGAR

## HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Hljóta þeir við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins. Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Þessa sæmd er einnig sýnd merkum brautryðjendum íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar.

| | |
|---|---|
| 2021 | Anna Ragnheiður Möller |
| 2021 | Kristján Elvar Yngvason |
| 2019 | Helga Guðrún Guðjónsdóttir |
| 2011 | Björn B. Jónsson |
| 2005 | Þórir Jónsson |
| 1997 | Pálmi S. Gíslason |
| 1993 | Sigurður Geirdal |
| 1987 | Guðjón Ingimundarson |
| 1987 | Hafsteinn Þorvaldsson |
| 1982 | Þorsteinn Einarsson |
| 1971 | Skúli Þorsteinsson |
| 1969 | Eiríkur J. Eiríksson |
| 1969 | Sigurður Greipsson |
| 1957 | Anders Skåsheim |
| 1957 | Bernharð Stefánsson |
| 1957 | Guðbrandur Magnússon |
| 1957 | Helgi Valtýsson |
| 1957 | Jóhannes Jósefsson |
| 1957 | Jón Helgason |
| 1946 | Björn Jakobsson |
| 1943 | Björn Guðmundsson |
| 1940 | Vigfús Guðmundsson |
| 1933 | Guðmundur Jónsson frá Mosdal |
| 1927 | Helgi Valtýsson |
| 1927 | Jóhannes Jósefsson |
| 1927 | Þórhallur Björnsson |

UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfboðaliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi hreyfingarinnar.

# GULLMERKI UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Gullmerki er veitt þeim sem hafa um árabil unnið öflugt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna, verið í forystu hennar í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ötullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Gullmerki er að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

| | | |
|---|---|---|
| 2022 | Björn Hanssen | UMSS |
| 2022 | Gunnar Sigurðsson | UMSS |
| 2022 | Sigmar Helgason | USVS |
| 2022 | Karl Gunnlaugsson | HSK |
| 2022 | Þorvaldur Jóhannsson | UÍA |
| 2021 | Haukur F. Valtýsson | ÍBA |
| 2021 | Sigurbjörn Árni Arngrímsson | HSÞ |
| 2021 | Gunnhildur Hinriksdóttir | HSÞ |
| 2021 | Jóhanna Kristjánsdóttir | HSÞ |
| 2021 | Bjarney S. Snævarsdóttir | Keflavík |
| 2021 | Sveinn Adolfsson | Keflavík |
| 2021 | Flemming Jessen | UMSB |
| 2021 | Guðjón Guðmundsson | UMSB |
| 2021 | Sigurjón Sigurðsson | UMSK |
| 2020 | Íris Grönfeldt | UMSB |
| 2019 | Guðmundur Þorsteinsson | UMSB |
| 2019 | Guðný Stefanía Stefánsdóttir | HSV |
| 2019 | Guðríður Aadnegard | HSK |
| 2019 | Hrönn Jónsdóttir | UMSB |
| 2019 | Örn Guðnason | HSK |
| 2018 | Jóhann Eysteinn Pálmason | UDN |
| 2018 | Jón M. Ívarsson | HSK |
| 2018 | Rósa Marinósdóttir | UMSB |
| 2017 | Birgir Ingibergsson | Keflavík |
| 2017 | Björg Jakobsdóttir | UMSK |
| 2017 | Sveinn Jóhann Þórðarson | HHF |
| 2017 | Þórður Magni Kjartansson | Keflavík |
| 2016 | Aðalbjörg Valdimarsdóttir | USAH |
| 2016 | Snorri Olsen | UMSK |
| 2016 | Valdimar Leó Friðriksson | UMSK |
| 2015 | Hringur Hreinsson | UMSE |
| 2015 | Kári Gunnlaugsson | Keflavík |
| 2015 | Sæmundur Runólfsson | USVS |
| 2014 | Albert Valdimarsson | UMSK |
| 2014 | Anna Sigrún Mikaelsdóttir | HSÞ |
| 2014 | Einar Haraldsson | Keflavík |
| 2014 | Engilbert Olgeirsson | HSK |
| 2014 | Ester Jónsdóttir | UMSK |
| 2014 | Friðrik Pétur Ragnarsson | UMFN |
| 2014 | Hermann Níelsson | HSV/UÍA |
| 2014 | Jón Páll Hreinsson | HSV |
| 2014 | Ólafur Thordersen | UMFN |
| 2014 | Páll Kristinsson | UMFN |
| 2014 | Sigfús Haraldur Bóasson | HSÞ |
| 2014 | Svanur Gestsson | UMSK |
| 2013 | Jóhann Tryggvason | UÍA |
| 2013 | Stefán Þorleifsson | UÍA |
| 2012 | Björn Ármann Ólafsson | UÍA |
| 2011 | Guðmundur Sigurðsson | UMSB |
| 2010 | Ásdís Helga Bjarnadóttir | UMSB |
| 2010 | Guðmundur Kr. Jónsson | HSK |
| 2009 | Sigurður Guðmundsson | UMSK |
| 2008 | Helga G. Guðjónsdóttir | HSK |
| 2008 | Snorri Hjaltason | UMFF |
| 2007 | Anna R. Möller | UMSK |
| 2007 | Björn Bjarndal Jónsson | HSK |
| 2007 | Gunnar Ingi Birgisson | UMSK |
| 2007 | Páll Ragnarsson | UMSS |
| 2006 | Arnór Benónýsson | HSÞ |
| 2006 | Ellert B. Schram | ÍSÍ |
| 2006 | Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson | UMFF |
| 2004 | Haraldur Þ. Jóhannsson | UMSS |
| 2003 | Einar K. Jónsson | V |
| 2003 | Kristín Gísladóttir | HHF |
| 2002 | Hafsteinn Pálsson | UMSK |
| 2002 | Jóhann Ólafsson | UMSE |
| 2002 | Sveinn Jónsson | UMSE |
| 2001 | Ingimundur Ingimundarson | UMSB |
| 2001 | Magnús Jakobsson | UMSB |
| 2000 | Þórir Haraldsson | HSK |
| 1999 | Sigurbjörn Gunnarsson | Keflavík |
| 1997 | Finnur Ingólfsson | USVS |
| 1997 | Kristján Yngvason | HSÞ |
| 1997 | Matthías S. Lýðsson | HSS |
| 1997 | Ólína Sveinsdóttir | UMSK |
| 1997 | Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir | USAH |
| 1993 | Dóra Gunnarsdóttir | UÍA |
| 1993 | Reynir G. Karlsson | UMSK |
| 1992 | Hörður S. Óskarsson | V |
| 1992 | Magndís Alexandersdóttir | HSH |
| 1992 | Sveinn Jónsson | UMSE |
| 1992 | Þórir Jónsson | UMSB |
| 1991 | Guðmundur H. Sigurðsson | USVH |
| 1987 | Bergur Torfason | HVÍ |
| 1987 | Björn Ágústsson | UÍA |
| 1987 | Diðrik Haraldsson | HSK |
| 1987 | Jón G. Guðbjörnsson | UMSB |
| 1987 | Þóroddur Jóhannsson | UMSE |
| 1985 | Axel Jónsson | UMSK |
| 1985 | Þórður J. Pálsson | |
| 1984 | Guðjón Ingimundarson | UMSS |
| 1984 | Páll Aðalsteinsson | UMSK |
| 1982 | Gísli Halldórsson | ÍSÍ |
| 1982 | Hermann Guðmundsson | ÍSÍ |
| 1982 | Sveinn Björnsson | ÍSÍ |
| 1981 | Hafsteinn Þorvaldsson | HSK |
| 1981 | Jóhannes Sigmundsson | HSK |
| 1981 | Þórir Þorgeirsson | HSK |
| 1978 | Pálmi S. Gíslason | UMSK |
| 1977 | Gunnar Sveinsson | Keflavík |
| 1976 | Óskar Ágústsson | HSÞ |
| 1975 | Kjartan B. Guðjónsson | GLÍ |
| 1975 | Valdimar Óskarsson | UMFÍ |
| 1973 | Ármann Pétursson | UMFÍ |
| 1973 | Gísli Andrésson | UMSK |
| 1973 | Stefán Ólafur Jónsson | UMFÍ |
| 1972 | Daníel Ágústínusson | UMFÍ |
| 1972 | Jón Stefánsson | UMSE |
| 1972 | Þorsteinn Einarsson | |

# STARFSMERKI UMFÍ

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde (NSU) eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi eru unnin mörg sameiginleg verkefni sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur. Halla Margrét Jónsdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði UMFÍ, tók sæti í stjórn samtakanna á aðalfundi í september 2021.

## LÝÐHÁSKÓLAR

UMFÍ og Højskolernes Hus (HH) í Kaupmannahöfn eru með samstarfssamning um verkefni tengt námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. HH heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og er námsframboðið fjölbreytt.

## EUROPEAN ACTION FOR HEALTHY LIFESTYLE

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, þáði boð um þátttöku á viðburðinum - European Action for a HealthyLifestyle4All (HL4A) sem haldinn var í lok júní í Brussel í Belgíu. Í framhaldi af viðburðinum var undirritun á „Call to action“ í Evrópuþinginu.

Viðburðurinn var haldinn á vegum ISCA, sem UMFÍ á aðild að. Að viðburðinum stóðu jafnframt evrópsku lýðheilsusamtökin JOGG/YHC og ráðgjafarfyrirtækið Schuttelaar & Partners (S&P), sem sérhæfir sig í heilsusamlegri næringu, ásamt pólska Evrópuþingmanninum Tomasz Frankowski. Sá spilaði m.a. í landsliði Póllands í knattspyrnu og er á meðal markahæstu manna landsins.

Á viðburðinum kom fram að 80% af sjúkdómsbyrði samfélagsins væru tengd lífsstíl. Á viðburðinum var framsaga og pallborðsumræður um stöðuna, lausnir og tækifæri. Í framhaldinu fékk UMFÍ aðgang að gagnasafni varðandi málefnið sem hægt er að nýta í frekari vinnu og verkefni. Þar að auki var viðburðurinn gott tækifæri til þess að tengjast þeim samtökum sem UMFÍ er aðili að enn frekar og vinna með stjórnvöldum og samtökum á alþjóðlegum vettvangi.

## HEIMSÓKNIR ERLENDRA AÐILA

Í gegnum tíðina hefur þjónustumiðstöð UMFÍ tekið á móti erlendum aðilum. Árið 2022 hófust heimsóknirnar aftur eftir kórónuveirufaraldurinn.

Í júní 2022 kom sendinefnd frá Rúmeníu sem vinnur að því að setja á laggirnar íþróttafélag fatlaðra. Hópurinn fékk kynningu frá Íþróttasambandi fatlaðra á því hvernig málum er háttað hér á landi. Eins kynnti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar fyrir hópnum.

Í júní 2022 kom sendinefnd frá Guanajuatofylki í Mexíkó í heimsókn. Hópurinn kynnti sér fyrirkomulag íþróttastarfs hér á landi undir leiðsögn Rannsóknar og greiningar. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Ragnhildur Skúladóttir hjá ÍSÍ funduðu með hópnum.

# LANDSMÓT DGI Í SVENDBORG

Landsmót DGI er stærsti íþróttaviðburður Dana og með elstu íþróttaviðburðum sem fyrirfinnast. Það er alla jafna haldið á fjögurra ára fresti og aldrei á sama stað.

Nú fór það fram í Svendborg á Fjóni dagana 30. júní til 3. júlí. DGI bauð Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, formanni UMFÍ, og Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ, á mótið. Eins og dagskráin var sett upp taldi stjórn ákjósanlegt að Ragnheiður Högnadóttir, formaður mótanefndar UMFÍ, og Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, sæktu einnig mótið. Þau fóru því fjögur utan að kynna sér mótið og skipulagningu þess.

Þátttakendur og mótsgestir voru 20.743, á aldrinum 16 ára og eldri. Þar af voru rúmlega 8.000 keppendur, að stærstum hluta 5.700 framhaldsskólanemendur. Meðal annarra þátttakenda voru nemendur lýðháskóla og iðkendur íþróttafélaga.

Í boði voru 38 íþróttagreinar og 400 mismunandi viðburðir. Fjölmargir viðburðanna voru menningartengdir. Sjálfboðaliðar voru um 4.000 talsins.

Hvert sambandssvæði DGI vann að undirbúningi og þátttöku á mótinu.

Með ferðinni gafst tækifæri til þess að sýna verkefnum DGI áhuga, efla samskipti við stjórnendur SGI og styrkja þannig tengsl milli samtakanna ásamt því að fræðast og fá áhugaverðar hugmyndir sem nýst gætu í mótahaldi UMFÍ í framtíðinni.

Íslensku fulltrúarnir sögðu eftirtektarvert að á mótinu var áhersla á þátttöku í greinum frekar en keppni og mikil samstaða á milli sveitarfélagsins og DGI. Öðrum kom á óvart hversu margir á miðjum aldri tóku þátt í sýningum landsmótsins.













# FJÁRMÁL

# ÁRSREIKNINGUR UMFÍ 2021

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

*Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands*

## ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

## GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Ísland í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 20. maí 2022.
BDO ehf.

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir,
löggiltur endurskoðandi

Fríða H. Elmarsd.

Fríða Hrönn Elmarsdóttir,
löggiltur endurskoðandi

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarniðurstaða ársins er 42,4 milljónir króna en hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár, sem er neikvæð, færir afkomuna í tap að fjárhæð 6,1 milljón króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 577,8 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er 412,8 milljónir. Eiginfjárhlutfall félagsins var 71%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

## ÁHRIF COVID-19 FARALDURSINS Á AFKOMU OG STÖÐU FÉLAGSINS

Stjórn félagsins fylgist náið með framgangi Covid-19 heimsfaraldursins og metur reglulega möguleg áhrif sem það kann að hafa á rekstur og efnahag félagsins. Stjórn vekur athygli á skýringu nr. 20 þar sem fjallað er um áhrif faraldursins á rekstur félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. maí 2022.

**Í stjórn**

Jóhann Steinar Ingimundarson
formaður

Ragnheiður Högnadóttir

Guðmundur G. Sigurbergsson

Málfríður Sigurhansdóttir

Gunnar Gunnarsson

Gunnar Þór Gestsson

Sigurður Óskar Jónsson

Gissur Jónsson

Lárus B. Lárusson

Hallbera Eiríksdóttir

Guðmunda Ólafsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Auður Inga Þorsteinsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| REKSTRARTEKJUR | | | |
| Ríkisframlag | 3 | 129.600.000 | 129.600.000 |
| Lottó og Getraunir | 4,11 | 376.507.487 | 302.710.645 |
| Aðrar tekjur | 5 | 147.208.198 | 83.407.250 |
| | | **653.315.685** | **515.717.895** |
| REKSTRARGJÖLD | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 117.384.643 | 99.191.697 |
| Lottó til sambandsaðila | | 292.700.914 | 236.771.409 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 172.383.241 | 125.790.271 |
| Veittir styrkir | 8 | 21.530.825 | 22.588.788 |
| Afskriftir | 10 | 4.696.000 | 3.498.000 |
| | | **608.695.623** | **487.840.165** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | | **44.620.062** | **27.877.730** |
| FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD | | | |
| Fjármagnstekjur | 9 | 1.013.660 | 891.495 |
| Fjármagnsgjöld | 9 | (3.262.971) | (4.033.114) |
| | | **(2.249.311)** | **(3.141.619)** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | **42.370.751** | **24.736.111** |
| ÖNNUR HEILDARAFKOMA | | | |
| Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning: | | | |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | 11 | (48.491.734) | (17.422.750) |
| **Heildarafkoma ársins** | | **(6.120.983)** | **7.313.361** |

# YFIRLIT UM REKSTUR 2021

| | Aðalsjóður | Ungmenna-búðir | Útgáfa og kynningar-mál | Fræðsla og viðburðir | Mótahald | Fræðslu- og verkefna-sjóður | Umhverfis-sjóður | Millideilda-viðskipti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| REKSTRARTEKJUR | | | | | | | | | |
| Ríkisframlag | 103.800.000 | 17.796.000 | | | 8.004.000 | | | | **129.600.000** |
| Lottó og getraunir | 350.571.962 | | | | | 25.935.525 | | | **376.507.487** |
| Aðrar tekjur | 12.612.944 | 88.662.909 | 19.409.966 | 13.756.179 | 8.978.200 | 3.413.000 | 975.000 | -600.000 | **147.208.198** |
| | **466.984.906** | **106.458.909** | **19.409.966** | **13.756.179** | **16.982.200** | **29.348.525** | **975.000** | **(600.000)** | **653.315.685** |
| REKSTRARGJÖLD | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 41.640.139 | 46.458.437 | 13.711.985 | 10.743.288 | 4.830.794 | | | | **117.384.643** |
| Lottó til sambandsaðila | 292.700.914 | | | | | | | | **292.700.914** |
| Annar rekstrarkostnaður | 80.844.856 | 66.525.992 | 10.639.913 | 3.501.234 | 10.871.246 | | | | **172.383.241** |
| Veittir styrkir | 600.000 | | | 1.210.000 | | 19.590.825 | 730.000 | (600.000) | **21.530.825** |
| Afskriftir | 3.898.000 | 798.000 | | | | | | | **4.696.000** |
| | **419.683.909** | **113.782.429** | **24.351.898** | **15.454.522** | **15.702.040** | **19.590.825** | **730.000** | **(600.000)** | **608.695.623** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða** | **47.300.997** | **(7.323.520)** | **(4.941.932)** | **(1.698.343)** | **1.280.160** | **9.757.700** | **245.000** | | **44.620.062** |
| Fjármunatekjur | 660.078 | | | | | 272.005 | 81.577 | | **1.013.660** |
| Fjármagnsgjöld | (3.262.971) | | | | | | | | **(3.262.971)** |
| | **(2.602.893)** | **0** | **0** | **0** | **0** | **272.005** | **81.577** | **0** | **(2.249.311)** |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | **44.698.104** | **(7.323.520)** | **(4.941.932)** | **(1.698.343)** | **1.280.160** | **10.029.705** | **326.577** | **0** | **42.370.751** |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | |
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | *10* | | |
| Fasteignir | | 102.600.000 | 105.300.000 |
| Bifreiðar | | 6.321.500 | 8.317.500 |
| | | **108.921.500** | **113.617.500** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutur í Íslenskri getspá | *11* | 235.816.406 | 284.308.140 |
| | | **235.816.406** | **284.308.140** |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | |
| Óinnheimtar kröfur | *12* | 18.389.196 | 5.748.770 |
| Ógreiddar lottótekjur | | 69.472.752 | 31.870.128 |
| Aðrar skammtímakröfur | *13* | 47.860 | 415.751 |
| Handbært fé | *13* | 145.181.437 | 102.263.237 |
| | | **233.091.245** | **140.297.886** |
| **Eignir** | | **577.829.151** | **538.223.526** |

# EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **EIGIÐ FÉ** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | *14* | 412.868.247 | 418.989.230 |
| | | **412.868.247** | **418.989.230** |
| **LANGTÍMASKULDIR** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | *15* | 17.009.851 | 25.733.794 |
| | | **17.009.851** | **25.733.794** |
| **SKAMMTÍMASKULDIR OG SKULDBINDINGAR** | | | |
| Óskipt lottófé | | 55.064.049 | 24.722.055 |
| Viðskiptaskuldir | *16* | 11.458.063 | 16.294.020 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | *15* | 2.650.886 | 3.469.725 |
| Skuldbinding vegna rekstrarverkefna | *17* | 19.740.501 | 0 |
| Skuldbinding vegna sérverkefna | *18* | 5.467.816 | 3.000.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | *16* | 53.569.738 | 46.014.702 |
| | | **147.951.053** | **93.500.502** |
| **Skuldir** | | **164.960.904** | **119.234.296** |
| **Eigið fé og skuldir** | | **577.829.151** | **538.223.526** |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2021

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **REKSTRARHREYFINGAR** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 42.370.751 | 24.736.111 |
| | | | |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | *10* | 4.696.000 | 3.498.000 |
| Breyting á skuldbindingu vegna rekstrarverkefna | *17* | 19.740.501 | 0 |
| Breyting á skuldbindingu vegna sérverkefna | *18* | 2.467.816 | (2.000.000) |
| Verðbætur langtímalána | *9* | 395.682 | 713.384 |
| | | 69.670.750 | 26.947.495 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (49.875.159) | (4.527.857) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 33.061.073 | 32.192.152 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **52.856.664** | **54.611.790** |
| | | | |
| **FJÁRFESTINGAHREYFINGAR** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | *10* | 0 | (5.990.000) |
| Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | *10* | 0 | 2.098.750 |
| | | **0** | **(3.891.250)** |
| | | | |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (9.938.464) | (17.481.582) |
| | | **(9.938.464)** | **(17.481.582)** |
| | | | |
| **Breyting handbærs fjár** | | **42.918.200** | **33.238.958** |
| | | | |
| Handbært fé í upphafi árs | *13* | 102.263.237 | 69.024.279 |
| Handbært fé í lok árs | *13* | 145.181.437 | 102.263.237 |

# SKÝRINGAR

## 1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er "Ræktun lýðs og lands" og kjörorðið er "Íslandi allt". UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 félög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

### VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu..

### VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. RÍKISFRAMLAG

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Ríkisframlag - UMFÍ | 103.800.000 | 103.800.000 |
| Ríkisframlag - ULM | 8.004.000 | 8.004.000 |
| Ríkisframlag - Ungmennabúðir | 17.796.000 | 17.796.000 |
| | **129.600.000** | **129.600.000** |

## 4. LOTTÓ OG GETRAUNIR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Lottótekjur - UMFÍ | 344.571.962 | 278.730.901 |
| Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður | 25.935.525 | 20.979.744 |
| Íslenskar getraunir | 6.000.000 | 3.000.000 |
| | **376.507.487** | **302.710.645** |

## 5. AÐRAR TEKJUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Framlög til verkefna og viðburða | 32.135.563 | 8.480.276 |
| Sölutekjur útgáfu | 23.769.966 | 16.574.754 |
| Leigutekjur | 8.851.760 | 9.253.843 |
| Þátttökugjöld móta og ungmennabúða | 78.662.909 | 41.535.877 |
| Ýmsar tekjur | 3.788.000 | 7.562.500 |
| | **147.208.198** | **83.407.250** |

## 6. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 98.989.543 | 77.588.295 |
| Vinnumálastofnun | (11.797.052) | (281.110) |
| Áunnið orlof, breyting | 3.484.974 | (109.016) |
| Tryggingagjald | 7.083.973 | 5.877.190 |
| Lífeyrissjóðsframlag | 12.223.200 | 9.987.738 |
| Sjóðagjöld - mótframlag | 2.052.185 | 1.492.546 |
| Annar starfsmannakostnaður | 5.347.820 | 4.636.054 |
| | **117.384.643** | **99.191.697** |
| Stöðugildi að meðaltali | 14,0 | 11,0 |

## 7. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Húsnæðiskostnaður | 46.993.895 | 41.491.181 |
| Rekstur áhalda og tækja | 16.913.656 | 7.659.772 |
| Fæðiskostnaður ungmennabúða | 12.402.486 | 8.792.819 |
| Ferðakostnaður og rekstur bifreiða | 12.915.602 | 12.379.601 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3.709.224 | 3.884.269 |
| Þing- og samráðsfundir | 8.619.779 | 2.123.273 |
| Endurskoðun og bókhaldsþjónusta | 9.208.872 | 7.003.106 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 6.458.215 | 5.200.067 |
| Rekstur tölvukerfa | 16.507.918 | 8.650.349 |
| Fræðsluverkefni | 3.498.234 | 6.801.646 |
| Útgáfa og kynningarkostnaður | 33.531.936 | 24.485.038 |
| Niðurfærsla krafna - breyting á milli ára | 1.623.424 | (2.680.850) |
| | **172.383.241** | **125.790.271** |

## 8. VEITTIR STYRKIR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Veittir styrkir - Fræðslu- og verkefnasjóður | 19.590.825 | 20.238.788 |
| Veittir styrkir - Umhverfissjóður | 730.000 | 1.050.000 |
| Veittir styrkir - Lýðháskólar | 1.210.000 | 1.800.000 |
| Veittir styrkir - Aðalsjóður | 600.000 | 600.000 |
| Millideilda færslur | (600.000) | (1.100.000) |
| | **21.530.825** | **22.588.788** |

## 9. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur | 1.013.660 | 891.495 |
| | **1.013.660** | **891.495** |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Greiddir vextir og verðbætur | 2.867.289 | 3.319.730 |
| Áfallnar verðbætur | 395.682 | 713.384 |
| | **3.262.971** | **4.033.114** |

## 10. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

| | Fasteignir og lóðir | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 135.000.000 | 9.980.000 | 144.980.000 |
| **Staða í árslok** | **135.000.000** | **9.980.000** | **144.980.000** |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 29.700.000 | 1.662.500 | 31.362.500 |
| Afskrift ársins | 2.700.000 | 1.996.000 | 4.696.000 |
| **Staða í árslok** | **32.400.000** | **3.658.500** | **36.058.500** |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 105.300.000 | 8.317.500 | 113.617.500 |
| **Bókfært verð í árslok** | **102.600.000** | **6.321.500** | **108.921.500** |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20% | |

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 28,8 milljónum króna.

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 102,6 milljón króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 19,6 milljónum króna.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir - Reykjavík | 138.550.000 | 272.806.000 |
| Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi | 3.152.000 | 2.584.000 |
| Aðrar lausafjártryggingar | | 30.267.000 |
| | **141.702.000** | **305.657.000** |

## 11. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

| | Hlutdeild | Stofnfé |
|---|---|---|
| Íslensk getspá sf. | 13,33% | 440.864 |

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 284.308.140 | 301.730.890 |
| Hlutdeild í afkomu | 322.015.753 | 282.287.895 |
| Lottótekjur | (303.857.487) | (259.710.645) |
| Viðbótarúthlutun Íslenskrar getspár sf. | (66.650.000) | (40.000.000) |
| **Staða í árslok** | **235.816.406** | **284.308.140** |
| | | |
| Hækkun (lækkun) á milli ára | (48.491.734) | (17.422.750) |

## 12. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 20.560.920 | 6.297.070 |
| Niðurfærsla krafna | (2.171.724) | (548.300) |
| | **18.389.196** | **5.748.770** |
| | | |
| Niðurfærslureikningur viðskiptakrafna greinist þannig á árinu: | | |
| Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs | 548.300 | 3.229.150 |
| Framlag á niðurfærslureikning viðskiptakrafna | 1.623.424 | (2.680.850) |
| | **2.171.724** | **548.300** |

## 13. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Aðrar skammtímakröfur** | | |
| Aðrar kröfur - inneign á virðisaukaskatti | 47.860 | 415.751 |
| | **47.860** | **415.751** |
| | | |
| **Handbært fé** | | |
| Bankainnistæður - Aðalsjóður | 63.772.966 | 32.534.014 |
| Bankainnistæður - Fræðslu- og verkefnasjóður (sjá skýr. 23) | 65.893.968 | 54.646.297 |
| Bankainnistæður - Umhverfissjóður (sjá skýr. 24) | 15.514.503 | 15.082.926 |
| | **145.181.437** | **102.263.237** |

## 14. YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ

| | Eignarhluti í Ísl. getspá | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé í upphafi árs 2020 | 301.730.890 | 109.944.978 | 411.675.869 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 24.736.111 | 24.736.111 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | (17.422.750) | | (17.422.750) |
| **Eigið fé í lok árs 2020** | **284.308.140** | **134.681.089** | **418.989.230** |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 42.370.751 | 42.370.751 |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | (48.491.734) | | (48.491.734) |
| **Eigið fé í lok árs 2021** | **235.816.406** | **177.051.840** | **412.868.247** |

## 15. LANGTÍMASKULDIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Skuldir í ISK - verðtryggðar | 19.660.737 | 29.203.519 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (2.650.886) | (3.469.725) |
| **Langtímaskuldir í árslok** | **17.009.851** | **25.733.794** |

| | Skuldir við lánastofnanir |
|---|---|
| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | |
| Afborganir 2022 | 2.650.886 |
| Afborganir 2023 | 2.650.886 |
| Afborganir 2024 | 2.650.886 |
| Afborganir 2025 | 2.650.886 |
| Afborganir 2026 | 2.650.886 |
| Afborganir síðar | 6.406.307 |
| | **19.660.737** |

## 16. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir | 11.458.063 | 16.294.020 |
| | **11.458.063** | **16.294.020** |
| **Aðrar skammtímaskuldir** | | |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 4.142.110 | 2.401.281 |
| Orlofsskuldbinding | 11.288.430 | 7.803.456 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 53.248 | 0 |
| Ógreiddir styrkir | 28.610.873 | 22.333.150 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 8.876.249 | 10.629.710 |
| Aðrar skuldir | 598.828 | 2.847.105 |
| | **53.569.738** | **46.014.702** |
| **Fyrirfram innheimtar tekjur - frekari greining:** | | |
| Udannelse lýðháskólastyrkir | 1.704.527 | 2.348.930 |
| Rannís / Erasmus styrkur - Noregsferð (2021 fært meðal sérverkefna) | 0 | 2.467.816 |
| Rannís / Erasmus styrkur - Ungt fólk og lýðræði ónotaður styrkur | 4.619.942 | 4.619.942 |
| Rannís / Erasmus styrkur - félagsstarf, hvað er það - ónotaður styrkur | 500.000 | 500.000 |
| Tekjur innheimtar fyrir 50+ - munu greiðast til UMSB | 2.051.780 | 2.051.780 |
| | **8.876.249** | **11.988.468** |

## 17. SKULDBINDING VEGNA REKSTRARVERKEFNA

Stjórn UMFÍ samþykkti að gjaldfæra á árinu 2021 kostnaðaráætlun vegna rekstrartengdra verkefna:

| | |
|---|---|
| Kostnaðaráætlun vegna markaðssetningarátaks í kjölfarið á Covid-19 | 5.000.000 |
| Fjárfesting í tölvukerfum | 2.500.000 |
| Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við Þrastaskóg | 5.000.000 |
| Fjárfesting vegna endurnýjunar tækja og áhalda Ungmennabúðanna | 7.500.000 |
| | **20.000.000** |

Í árslok 2021 stendur skuldbindingin í 19,1 milljón króna þar sem hluti hefur verið nýttur.

## 18. SKULDBINDING VEGNA SÉRVERKEFNA

Undanfarin ár hefur UMFÍ staðið fyrir kynnisferðum á tveggja ára fresti fyrir sambandsaðila. Til að gera smærri sambandsaðilum færi á að komast í ferðirnar hefur UMFÍ tekið þátt í kostnaði við ferðirnar. Fyrirhugað er að stjórn og hluti sambandsaðila fari í kynnisferð til Noregs í mars 2022 til að kynna sér uppbyggingu íþróttahéraða þar. Framkvæmdastjórn samþykkti gjaldfærslu að fjárhæð 3 milljónir á árinu 2019. Styrkur frá Rannís rann einnig til þessa verkefnis á árinu 2021 að upphæð 2.467.816 króna.

## 19. UPPLÝSINGAR UM LEIGUSAMNINGA

Félagið leigir Íþróttamiðstöðina að Laugarvatni að Hverafold 6-8, 840 Laugarvatni. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 1.6.2019 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist árlega miðað við vísitölu í janúar ár hvert.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Áhrif ofangreindra leigugreiðslna í rekstrarreikningi er: | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 20.234.616 | 19.389.240 |

| | Leigugreiðslur |
|---|---|
| Áætlaðar ónúvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum: | |
| Leigugreiðslur 2022 | 21.387.984 |
| Leigugreiðslur 2023 | 21.387.984 |
| Leigugreiðslur 2024 | 21.387.984 |
| Leigugreiðslur 2025 | 21.387.984 |
| Leigugreiðslur 2026 | 21.387.984 |
| Leigugreiðslur síðar | 51.687.628 |
| | **158.627.548** |

## 20. ÁHRIF COVID-19 FARALDURSINS Á AFKOMU OG STÖÐU FÉLAGSINS

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á rekstur og starfsemi UMFÍ, sambandsaðila og aðildarfélög þess á árinu 2021 eins og samfélagið allt. Stjórn UMFÍ fylgist sérstaklega með áhrifum á afkomu og stöðu UMFÍ. Faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemina og féll sem dæmi allt mótahald samtakanna niður á árinu 2021 líkt og árið á undan. Þá var rekstur ungmennabúða stöðvaður vegna samkomutakmarkana og ýmsum verkefnum og ferðum frestað til ársins 2022.

Aðgerðir stjórnenda hafa einkum verið fólgnar í því að tryggja öryggi starfsmanna UMFÍ og stuðningi við sambandsaðila og aðildarfélög. UMFÍ nýtti úrræði stjórnvalda í rekstri ungmennabúðanna á Laugarvatni með ráðningarstyrk frá janúar - júlí 2021. Síðan fékk UMFÍ styrk vegna sumarstarfa námsmanna en heildarfjárhæð styrks kemur fram í skýringu 6. Það er mat stjórnar að ekki leiki neinn vafi á rekstrarhæfi samtakanna við samþykkt ársreikningsins þar sem lausafjárstaða er góð og áætlanir hafa verið aðlagaðar breyttum aðstæðum eins og hægt er hverju sinni.

## 21. ATBURÐIR EFTIR REIKNINGSSKILADAG

Ungmennafélag Íslands seldi fasteign sína við Sigtún 42 í mars 2022. Í árslok 2021 var bókfært verð fasteignar 102,3 milljónir króna en söluverð var 262 milljónir króna. Samhliða sölunni var greitt upp langtímalán félagsins sem stóð í 19,7 milljónum króna í árslok 2021.

## 22. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

## 23. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

### REKSTRARREIKNINGUR

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Lottótekjur | *4* | 25.935.525 | 20.979.744 |
| Ósóttir bakfærðir styrkir | | 3.413.000 | 2.562.500 |
| | | **29.348.525** | **23.542.244** |
| **Gjöld** | | | |
| Veittir styrkir | *3* | 19.590.825 | 20.238.788 |
| | | **19.590.825** | **20.238.788** |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | | **9.757.700** | **3.303.456** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 272.005 | 377.748 |
| | | **272.005** | **377.748** |
| **Rekstrarniðurstaða** | | **10.029.705** | **3.681.204** |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Krafa á eigin sjóði | | 7.185.666 | 2.230.909 |
| Handbært fé | *13* | 65.893.968 | 54.646.297 |
| | | **73.079.634** | **56.877.206** |

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé 01.01 | | 35.219.056 | 31.537.852 |
| Afkoma ársins | | 10.029.705 | 3.681.204 |
| | | **45.248.761** | **35.219.056** |
| **Skuldir** | | | |
| Ógreiddir styrkir | | 27.830.873 | 21.658.150 |
| | | **27.830.873** | **21.658.150** |
| | | **73.079.634** | **56.877.206** |

## 24. UMHVERFISSJÓÐUR

### REKSTRARREIKNINGUR

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Önnur framlög | | 600.000 | 600.000 |
| Ósóttir bakfærðir styrkir | | 375.000 | 0 |
| | | **975.000** | **600.000** |
| **Gjöld** | | | |
| Veittir styrkir | *8* | 730.000 | 1.050.000 |
| | | 730.000 | 1.050.000 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | | **245.000** | **(450.000)** |
| **Fjármagnstekjur og (gjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 81.577 | 133.415 |
| | | 81.577 | 133.415 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | **326.577** | **(316.585)** |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Krafa á eigin sjóði | | 0 | 0 |
| Handbært fé | *13* | 15.514.503 | 15.082.926 |
| | | **15.514.503** | **15.082.926** |

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

| | | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé 01.01 | | 13.907.926 | 14.224.511 |
| Afkoma ársins | | 326.577 | (316.585) |
| | | **14.234.503** | **13.907.926** |
| **Skuldir** | | | |
| Ógreiddir styrkir | | 1.280.000 | 1.175.000 |
| | | **1.280.000** | **1.175.000** |
| | | **15.514.503** | **15.082.926** |

**Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2022**

Ungmennafélag Íslands
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Ritstjórar: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Ragnheiður Sigurðardóttir

Yfirlestur: Magnús Teitsson, Skriftir ehf.

Ljósmyndir: Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Hulda Margrét Óladóttir,
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Tjörvi Týr Gíslason og úr safni UMFÍ

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson

Prentun: Pixel, umhverfisvæn prentsmiðja

Október 2022

umfi.is




UMFÍ